

„Ef Guð er karlmaður, þá er karlmaðurinn Guð”
Áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl

Erna Kristín Stefánsdóttir
230391-2709

Lokaverkefni til embættisprófs í guðfræði

Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Hugvísindasvið Háskóla Íslands Apríl 2018

Ritgerð þessi er lokaverkefni til embættisprófs í guðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Erna Kristín Stefánsdóttir, 2018

Prentun: Svansprent, 2018

Formáli

Ritgerð þessi er 30 ECTS-eininga lokaverkefni til embættisprófs (mag.theol.) í guðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Sólveigar Önnu Bóasdóttur, prófessors við sömu deild. Undirbúningsvinna og heimildaleit stóð yfir á haustönn 2017, en ritgerðin sjálf var skrifuð á vorönn 2018. Frá upphafi var markmiðið að varpa ljósi á þau áhrif sem guðsmynd kvenna og barna getur fengið þegar orðið Guð er kyngert sem karl. Útgangspunkturinn og rannsóknarspurningarnar hafa lítið breyst en þó mótast og fengið mun betri festu með aðstoð frá Sólveigu Önnu, og vil ég þakka henni fyrir aðstoðina auk þess að hjálpa mér að greina heildarmyndina og halda mér á réttri braut í gegnum skrifin.

Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl og hvernig hægt er að móta jákvæðari guðsmynd. Dregin eru fram skrif og áherslur feminískrar guðfræði, bæði upptök kvennaguðfræðinnar frá formæðrum feminískrar guðfræði og nýjar áherslur. Lögð verður áhersla á skrif íslenskra feminískra guðfræðinga sem tekið hafa upp þráðinn og haldið honum á lofti með nýjum áherslum í takt við samtímann. Áhersla er lögð á feminíska guðfræðinga og þeirra lausnir hvað varðar áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl og hvað þær telja að geti mótað jákvæðari guðsmynd fyrir konur og börn.

Einnig er fjallað um í hvaða kyni Guð birtist börnum í fræðslu og sú umfjöllun notuð til að varpa ljósi á hvað betur mætti fara í trúaruppeldi barna með tilliti til allra kynja. Hér er þó einnig lögð áhersla á að gera fólki ljóst að valdbeiting karla hefur fengið að lifa í skjóli Biblíunnar alveg til dagsins í dag og konur hafa þurft að vera á jaðri samfélagsins vegna þess.

Lykilorð: Guðsmynd, valdbeiting, kvennaguðfræði, feminísmi, konur, börn, jafnrétti, kyn.

Abstract

This essay is about the affect it has to talk of God as a male and how a more gender-neutral image of God can be drawn up if that is something we consider. Studies from feministic theology is used as a foundation and their main focus. The origin of the female theology from the “mothers” of feminism within theology and new ideas where emphasis will be put on Icelandic scholars in the subject which have continued the legacy of the so-called foremothers in feminism. Another emphasis of the thesis is to see the ideas and solutions that feminism has to offer in the problem of a male loaded vocabulary and how to find a solution to a healthier image of God for everyone.

The image of God in the eyes of children is also considered to the extent that in which sex God appears to them in teaching and that deliberation is used to shed a light on what might be done better in religious teachings, considering gender equality. The misuse of male vocabulary is a known fact and this essay is to make whoever might read it understand or even change it within him or herself. Women are no longer to be sidelined because of language, both sexes have an equal voice in every matter.

Keywords: The image of God, the use of force, feminist theology, feminism, woman, children, equality, gender.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Ágrip	6
Abstract	7
Inngangur	9
0.1 Aðferð og efnisval í hluta I	11
0.2 Aðferð og efnisval í hluta II	11
0.3 Staða þekkingar	12
1. Klassíska kvennaguðfræðin	14
1.1 Mary Daly	17
1.2 Rosemary Radford Ruether	20
1.3 Elisabeth Schüssler Fiorenza	23
1.1.4 Helstu áherslur og ólíkar nálganir	26
2. Guðsmyndin	28
2.1 Hvaðan kemur guðsmyndin?	28
2.1.1 Sallie McFague	30
2.1.2 Tengsl guðsmyndar við föður- og móðurímynd.....	32
2.1.3 Í hvaða kyni Guð birtist börnum	34
3. Feminísk guðfræði á Íslandi	38
3.1 Auður Eir Vilhjálmsdóttir	39
3.1.1 Guð í kvenkyni og hin heilaga þrenning.....	40
3.2 Arnfríður Guðmundsdóttir	42
3.2.1 Valdamisnotkun í skjóli krossins	43
3.2.2 Konan og syndin	45
3.3 Sólveig Anna Bóasdóttir	47
3.3.1 Áhrifin	48
3.3.3 Kyn og vald.....	51
3.3.4 Er eitt kyn nóg? Hversu mörg kyn eru?.....	54
Niðurstöður	57
Lokaorð	60
Heimildaskrá	62

Inngangur

Frá því að ég var barn í sunnudagaskóla, unglingur í fermingarfræðslu og nemandi í guðfræði þá hefur sama spurning verið í huga mér, en ég hef ekki kastað henni fram fyrr en núna. Ég sem barn hugsaði: „Af hverju er Guð karl, eru þá allir karlar góðir?“, síðar sem unglingurinn í fermingarfræðslunni hugsaði ég: „Fyrst að Guð er karl, þá hlýt ég að þurfa að bera einstaklega mikla virðingu fyrir körlum“ og loks sem nemandi í guðfræði hugsaði ég: „Það hlýtur að hafa einhver áhrif á samfélagið, börn og konur að trúaruppeldið sé að mestu leyti sett þannig fram að æðsta vald veraldar og skapari okkar sé karl.“ Ég verð að viðurkenna að þessi karllæga guðsmynd hefur haft mikil áhrif á mig og taldi ég lengi fram eftir unglingsárunum að Guð væri þessi alvaldi karlmaður, í hvítum kirtli með mikið skegg og staf, drottandi yfir mannkyninu. Ég man eftir að hugsa oft til „hans“ og skamma „hann“ fyrir óréttlæti heimsins, en trúlega þekkja margir þessa karllægu mynd af Guði.

Þegar ég var á milli þess að vera unglingur og stíga inn í fullorðinsárin, þá orðin meðvitaðri um kynjamisrétti, óréttlæti og valdbeitingu karla, þá fannst mér auðveldara að segja skilið við Guð en að trúa því að æðsta vald veraldar væri karl. Það má segja að umfjöllunarefni þessarar ritgerðar hafi verið að mótast frá því ég hóf nám mitt við guðfræðideild Háskóla Íslands, en guðsmyndin hefur verið að mótast í gegnum námið fram til dagsins í dag.

Sú guðfræði sem setur gagnrýni kvenna í forgrunn er langt frá því að vera einsleit og óskipt. Nýjar áherslur hafa komið fram með aukinni útbreiðslu í samræmi við reynsluheim þeirra kvenna sem eiga í hlut.¹ Innan kvennaguðfræðinnar má greina þríþætt markmið og eru þau: *Gagnrýni* sem beinist að karlmiðlægum hugsunarhætti kristinnar hefðar, sem kemur til dæmis fram í neikvæðum viðhorfum til kvenna. Konan er og var gjarnan talin vera eign karlmannsins í kristinni hefð og henni kennt um syndafallið. Saga kvenna er í flestum tilfellum glötuð og hafa því konur einbeitt sér að því að *finna þessa týndu sögu* og gefa konum aftur röddina sem ekki hefur fengið að heyrast. Mikil vinna hefur farið í að sýna fram á að konur hafi ekki aðeins verið þögul fórnarlömb, heldur hafi þær einnig lagt sitt af mörkum hvað varðar mótun sögunnar.²

¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritningin og kvennagagnrýnin – Kenningar Elisabeth Schüssler Fiorenzu um ritninguna og túlkun hennar.“ *Guðfræði, túlkun og þýðingar. Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar, prófessors. Ritröð Guðfræðistofnunar / Studia theologica islandica 13*, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 1998, bls. 13-22, hér bls. 14.

² Sama heimild, bls. 87.

Ég hef tekið eftir því, auk þess sem það er reynsla margra annarra, að boðskapurinn sem borinn er fram fyrir börn í sunnudagaskólanum mætti vera betri hvað varðar gömlu söngvana og ýmsar bænir. Börnin syngja þessa söngva margsinnis og eru flest lögin einstaklega karllæg ásamt bænunum. Aftur á móti er mín upplifun sú að leiðbeinendur sunnudagaskólanna kynji Guð ekki, sem telja má jákvætt, og það má því álykta sem svo að guðfræðingar samtímans séu að verða meðvitaðri í tali sínu enda hafa margir feminískir guðfræðingar opnað fyrir umræðuna og varpað ljósi á vandamálið síðustu áratugin.

Feminismi er helsta hugmyndafræðin sem gefið hefur konum innblástur til að mynda eigin guðfræði og er feminismi ekki aðeins baráttuhreyfing heldur einnig lífsskoðun, fræðasvið, kenningar, þekkingarfræði og pólitík, svo fátt eitt sé nefnt. Áherslan á þessi mismunandi svið hefur verið breytileg í tímans rás, en ekkert eitt svar er til um hvað feminismi stendur fyrir. Það má segja að feminismi sé regnhlífarhugtak yfir margar hugmyndafræðilegar stefnur sem hafa það að markmiði að berjast fyrir jafnrétti kynjanna.³

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er þessi: „Hvaða áhrif hefur það að kyngera Guð sem karl og hvernig er hægt að móta guðsmyndina á jákvæðari máta?“ Ég vil sýna fram á að valdbeiting í skjóli Biblíunnar hafi fengið að viðgangast um aldir, þar sem varpað er fram guðsmynd af karllægum Guði sem drottinn og stjórnar og hversu alvarlegar afleiðingar það hefur haft í för með sér, fyrir börn og samfélagið allt til dagsins í dag. Ég vil komast að niðurstöðu um hvað betur mætti fara til að mynda jákvæðari guðsmynd fyrir konur og börn og er ritgerð þessi því mitt framlag til þess að sýna fram á að sú hugmyndafræði sem notuð sé til að viðhalda valdi karlmannna sé ekki aðeins á villigötum heldur einnig sé sú guðsmynd, sem sprottin er frá þeirri hugmyndafræði, bæði eyðileggjandi fyrir kristna trúarhefð í samtímanum og hættuleg, sérstaklega fyrir konur og börn.

Að túlka texta er margbrotið ferli, og er það almennt viðurkennt í fræðum að sérhver túlkun taki mið af ríkjandi hefðum og gildum á hverjum tíma. Í gegnum tíðina hafa ákveðnar hugmyndir um Guð eða Jesú Krist sett ákveðinn hóp fólks á annan stall án sérstakrar ígrundunar. Því verða guðfræðingar að vera meðvitaðir um hvers konar aðstæður móta þá þar sem umræða um Guð getur ekki komist hjá því að verða fyrir áhrifum frá umhverfinu sem einstaklingurinn er í. Ríkjandi mynd af Guði sem föður hefur til dæmis gert sonum Adams hátt undir höfði sem ímynd Guðs og vanrækt dætur Evu. Hægt er að finna mynd af Kristi þar sem lögð er áhersla á Krist sem öruggan, kraftmikinn og hvítan mann sem er einmitt andstæðan við óöruggan og veikburða einstakling og þann sem er dökkur á hörund. Hættan

³ Þorgerður Einarsdóttir, „Hvað er feminismi og hver er líkleg ástæða til fordóma karla gagnvart feministum?“, *Visindavefurinn.is*, 14. febrúar 2001, sótt 24. febrúar 2018 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1337>

sem fylgir þessu er sú að túlkun einstaklings getur auðveldlega komið í veg fyrir eða haft óæskileg áhrif á guðfræðilegan hugsunarhátt hans, og geta því efni Biblíunnar og aðaláherslur kristinnar hefðar orðið undir. Það fylgir því ábyrgð að túlka efnið meðvitað og er það mikilvægt, líkt og margir guðfræðingar hafa bent á.⁴

0.1 Aðferð og efnisval í hluta I

Aðferðin sem notuð er í fyrsta hluta ritgerðarinnar er sú að byrjað er á því að varpa ljósi á túlkanir og áherslur þriggja formæðra feminískrar guðfræði. Þar er einkum leitað eftir niðurstöðum þeirra hvað varðar áhrif þess að kyngera Guð sem karl og þeirri lausn sem þær telja vera góða til þess að móta guðsmyndina á jákvæðari máta fyrir bæði konur, börn og samfélagið. Ritningartextar Biblíunnar verða skoðaðir til að varpa enn betur ljósi á umfjöllunina og einnig uppruni kristinnar guðsmyndar ásamt því að skoða guðsmynd barna. Þar er leitast eftir því að varpa ljósi á frá hvaða rótum þessi karllæga guðsmynd sprettur upp og hvaða áhrif hún getur haft í för með sér fyrir börn, bæði út frá föður- og móðurímynd. Þessum hluta lýkur með því að sýna í hvaða kyni Guð birtist börnum í barnastarfi kirkjunnar.

Efnisval fyrir þennan hluta er að mestu leyti komið frá skrifum feminískra guðfræðinga og úr kennslubókum í guðfræði. Ásamt því er stuðst við bók eftir Sigurð Pálsson annars vegar, en hann leggur þar áherslu á börn og trúarþroska þeirra, og hins vegar við efnið fyrir barnastarf íslensku þjóðkirkjunnar sem er að finna á heimasíðu kirkjunnar.

0.2 Aðferð og efnisval í hluta II

Í síðari hluta voru þrír íslenskir feminískir guðfræðingar valdir sem tekið hafa upp þráðinn, haldið túlkunum og kenningum formæðra feminískrar guðfræði á lofti og gefið þeim gaum í samtímanum með nýjum sjónarhornum. Ljósi verður varpað á skrif sem snúa að konum og jafnréttisbaráttu, um valdbeitingu og einnig verður rætt um kynin og hversu mörg kyn eru samþykkt í samfélaginu og menningunni nú á dögum.

Efnisvalið er mestmegnis frá skrifum þessara guðfræðinga sem hafa haldið verkinu á lofti í takt við samtímann ásamt nýjum áherslum og kennslubók í guðfræði.

⁴ Plantinga, Richard J., Thompson, Thomas R. og Lundberg, Matthew D., *An Introduction to Christian Theology*, Cambridge: Cambridge University Press, 2010, bls. 29-31.

0.3 Staða þekkingar

Rannsóknarsviðið sem um ræðir hefur 35-40 ár að baki. Augljóslega hafa því margar bækur, ritgerðir og verkefni verið skrifuð í þeim tilgangi að varpa ljósi á spurninguna hvaða áhrif það geti haft á konur og börn að Guð sé kyngerður sem karl og hvernig sú spurning tengist biblíutúlkun. Hér fyrir neðan verða nokkrar ritgerðir kynntar sem skrifaðar hafa verið, meðal annars um kynjað tal, guðsmyndina, kynjamisrétti og yferráð feðraveldisins en allar tengjast þær umfjöllunarefni þeirrar ritgerðar sem hér birtist á einn eða annan hátt.

Hanna María Pétursdóttir skrifaði lokaritgerðina *Sjá... kvenmaðurinn verndar karlmanninn - Mary Daly og kvennaguðfræði* árið 1981. Tilgangur ritgerðarinnar er að varpa ljósi á umræðu um tengsl kvenna og kristni. Hanna María leggur áherslu á eigin reynslu og leitar guðfræðilegs samhljóms eða samsvörunar. Einnig nýtir hún verkið til þess að kynna ýmsa þætti sem kvennaguðfræðin hefur tekið til skoðunar.⁵ Það sem er sameiginlegt með ritgerð hennar og þeirri sem hér er rituð er áhersla á kvennaguðfræðingana Mary Daly og Rosemary Radford Ruether, en það sem skilur áherslur allra helst að er að hún skrifar veigamikinn kafla um gagnrýni sem Mary Daly hefur fengið á meðan hér verður aðeins varpað ljósi á áherslur hennar á kynjamisréttið, stöðu kvenna og framlag hennar til kvennaguðfræðinnar.

Arnfríður Guðmundsdóttir skrifaði doktorsritgerðina *Meeting God on the Cross. An Evaluation of Feminist Contributions to Christology in Light of a Theology of the Cross* árið 1996. Ritgerðin fjallar um gagnrýni kvenna á hefðbundnar kenningar um persónu og hlutverk Jesú Krists. Arnfríður hefur gefið út bækur og birt allmargar greinar sem snúa að valdbeitingu og jafnrétti kvenna og komið með feminíska áherslu á guðfræðina, en í þessari ritgerð verður að hluta til stuðst við skrif Arnfríðar.

Sólveig Anna Bóasdóttir lauk doktorsprófi árið 1998 með ritgerðinni *Violence, Power, and Justice. A Feminist Contribution to Christian Sexual Ethics*. Rannsóknir Sólveigar eru á sviði kynlífssiðfræði, kristinnar siðfræði og feminískrar siðfræði, en efni doktorsritgerðarinnar gaf vísbendingu um komandi rannsóknir sem hafa einkum verið á sviði ofbeldis gegn konum og börnum, kenninga um vald og kenninga um réttlæti, ekki síst úr röðum feminískra fræðimanna. Á árunum 2003-2008 snerust rannsóknir Sólveigar að veigamiklu leyti um hjónaband samkynhneigðra og réttlætingu þess meðal kristinna

⁵ Hanna María Pétursdóttir, *Sjá...kvenmaðurinn verndar karlmanninn. Mary Daly og kvennaguðfræði*. Reykjavík, 1981, bls. 7.

kirkna. Bókin *Ást, kynlíf og hjónaband* kom út árið 2008 en bókin var afrakstur 5 ára rannsókna þar á undan,⁶ en stuðst verður að hluta til við skrif Sólveigar í þessari ritgerð.

Árið 2011 skrifaði Jóhanna Gísladóttir ritgerð til BA-prófs, *Guð Faðir og Móðir Jörð. Tengsl vistfræðilegs feminísma við guðfræði í verkum Rosemary Radford Ruether*. Helstu áherslur Jóhönnu í ritgerðinni eru að leitast eftir því að svara spurningunni hvort vistfræðilegur feminísma eigi samleið með kristinni trúfræði nútímans. Ásamt því skoðar hún hvort drottnandi yfirráð feðraveldisins innan kristinnar kirkju séu víkjandi afl og hvað komi þá í staðinn. Líkt og í ritgerðinni sem hér birtist er lögð áhersla á kynjamisrétti sem og yfirráð feðraveldisins. Helsti munurinn á ritgerðunum er sá að hún einbeitt sér að kenningum Ruether en hér verða áherslur tveggja annara feminískra guðfræðinga skoðaðar.⁷

Þóra Björg Sigurðardóttir skrifaði ritgerð til BA-prófs árið 2016 sem bar titilinn *Guðsmyndir og börn. Framsetning guðsmyndar í fræðsluefni fyrir börn*. Markmið ritgerðarinnar var að skoða hvað bæri að varast við framsetningu á kristinni guðsmynd í fræðsluefni fyrir börn. Lögð er áhersla á guðsmyndina líkt og hér í ritgerðinni og hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér fyrir trúaruppeldi barna þegar Guð er karllægur. Það sem er ólíkt með áherslum ritgerðanna er að Þóra leggur helstu áhersluna á fræðsluefnið en hér verða áhrifin skoðuð.⁸

Árið 2017 skrifaði Sigfús Jónasson ritgerðina *Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú. Um forsendur og þróun þess að konur urðu prestar innan þjóðkirkju Íslands*. Helstu áherslur og markmið Sigfúsar voru að skoða hvernig það kom til að konur urðu prestar innan þjóðkirkju Íslands og varpa ljósi á hvaða forsendur bjuggu þar að baki. Ásamt því skoðaði hann hvernig sú þróun átti sér stað og þar er byggt á sömu áherslum og hér verður gert. Grunnur umfjöllunar um þróunina að undirgefni kvenna er að byrja á því að varpa ljósi á þrjá áhrifamikla feminíska kvenguðfræðinga.⁹

⁶ „Sólveig Anna Bóasdóttir“, *uni.hi.is*, sótt 15. mars 2018 af <http://uni.hi.is/solanna/>

⁷ Jóhanna Gísladóttir, „Guð Faðir og Móðir Jörð. Tengsl vistfræðilegs feminísma við guðfræði í verkum Rosemary Radford Ruether.“ *Skemman.is*, 2011, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/8418>

⁸ Þóra Björg Sigurðardóttir, „Guðsmyndir og börn. Framsetning guðsmyndar í fræðsluefni fyrir börn.“ *Skemman.is*, 2016, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/26055>

⁹ Sigfús Jónasson, „Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú.“ Um forsendur og þróun þess að konur urðu prestar innan þjóðkirkju Íslands.“ *Skemman.is*, 2017, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/27094>

1. Klassíska kvennaguðfræðin

Í þessum fyrsta kafla verður fjallað um túlkanir þriggja áhrifamikilla kvenguðfræðinga sem kalla má formæður feminískrar guðfræði. Guðfræðingarnir sem ákveðið var að skoða sérstaklega fyrir þetta verkefni eru þær Mary Daly, Rosemary Ruether Radford og Elisabeth Schüssler Fiorenza. Leitast er eftir því að ræða hvað þær telja vera helstu vandamálin varðandi það að nefna Guð í karlkyni og hvaða lausnir þær hafa á vandamálinu. Þessum spurningum verður svarað með því að varpa ljósi á áherslur þeirra og lausnir í gegnum skrif þeirra.

Árið 1960 voru fyrstu angar feminískrar guðfræði að verða til. Lítill hópur kvenna héðan og þaðan úr heiminum byrjaði að byggja hana upp, og með tímanum fór feminísk guðfræði að teygja anga sína í allar áttir.¹⁰ Kvennaguðfræði er guðfræði um lífið, um trú fólks á opinberun Guðs, en það sem er nýtt við kvennaguðfræðina er að hún er skrifuð um líf kvenna frá þeirra eigin sjónarmiði.¹¹ Rosemary Radford Ruther talaði fyrst sem feminískur guðfræðingur á ráðstefnu um árásgjarna hegðun karlmanna og reiði kvenna árið 1968. Ráðstefnan snerist um að konur væru komnar með nóg af því að þurfa að þola lítillækkun karlkyns guðfræðinga þar sem þeir teldu sig æðri en þær. Nokkrum árum síðar fór Ruether í guðfræði í Harvard Divinity School og um árið 1975 setti hún saman sitt fyrsta námskeið um feminíska guðfræði. Á árunum 1968-1980 varð feminísk guðfræði smám saman verulega umfangsmikil. Mary Daly gaf sína fyrstu bók út árið 1968, *The Church and the Second Sex* og nokkrum árum síðar mun róttækari bók, *Beyond God the Father*, árið 1973. Fleiri feminískir guðfræðingar gáfu svo út bækur, feminísk guðfræði fór að færa sig til Evrópu og kring um árið 1980 sóttu margar svartar konur af bandarískum uppruna guðfræðinámskeið.¹²

Baráttan fyrir kvenfrelsi setti svip á nítjándu öldina. Í Ameríku var baráttan gegn þrælahaldi samofin kvenréttindabaráttunni og gengu konur fram á báðum sviðum í senn.

¹⁰ Krister Stendahl, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“, *hds.harvard.edu*, sótt 14. febrúar 2018 af <http://hds.harvard.edu/people/elisabeth-sch%C3%BCssler-fiorenza>

¹¹ Auður Eir Vilhjálmsdóttir, *Vínátta Guðs*, Reykjavík: Kvinnakirkjan, 1994, bls. 9.

¹² Rosemary Radford Ruether, „Feminist Theology in Theological Education“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*, ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 11-20, hér bls. 11-12.

Innan kirkjunnar studdu konur kvenfrelsisbaráttuna og stjórnmalakonur rannsökuðu boðun kirkjunnar og orð Biblíunnar um rétt kvenna til að styðja baráttu sína.¹³

Elisabeth Schüssler Fiorenza hefur gefið út ótal verk um feminíska guðfræði og hafa kennda hennar og rannsóknir snúið að spurningum um biblíu- og guðfræðilega þekkingarfræði, túlkunarfræði og mælskulist. Einnig hefur hún talað um vandamál sem snúa að guðfræðilegri kennda og talað fyrir róttæku jafnrétti og lýðræði.¹⁴

Vitnað hefur verið til Biblíunnar til að styðja og andmæla margvíslegum baráttumálum. Biblían sýnir konum undirokun kynsystra þeirra á fyrri öldum og segir frá ástandinu sem ríkti og þeim atburðum sem voru afleiðingar af því.¹⁵ Þrátt fyrir að Biblían hafi að geyma marga texta þar sem konan er undir valdi karlmanns eða þar sem konan er smánuð þá hefur Biblían ekki aðeins verið notuð sem kúgunartæki á konur heldur einnig gefið þeim styrk til að sporna gegn óréttlæti og ofbeldi.¹⁶

Við endurskoðun á texta Biblíunnar er mikilvægt að beita gagnrýninni hugsun til að ráðast gegn þeim rökum sem hafa verið notuð til að réttlæta óbreytt ástand. Vert er að taka nokkur dæmi um texta sem birtast í Biblíunni sem eru konum ekki í hag. Til dæmis er texti í Kólossubréfinu 3.18, en þar segir að konur skuli vera undirgefnar eiginmönnum sínum. Í fyrra Tímóteusarbréfi 2.12-15 segir að Guð leyfi konu ekki að taka sér vald yfir mannum heldur eigi konan að vera kyrrlát, og tekið er fram að það sé vegna þess að Adam var fyrst myndaður og síðan Eva og þar sem Eva hafi látið tælast gerist hún brotleg. Í Efesusarbréfi 5.22-24 segir að maðurinn sé höfuð konunnar og að konan eigi að lúta eiginmanni sínum í einu og öllu. Samkvæmt þessum textum eiga konur að vera undirgefnar eiginmönnum sínum þar sem þær eru upphaf syndarinnar. Orð Guðs í garð konunnar sem birtast í fyrstu Mósebók 3.16, eftir brot Evu, eru hörð og má segja að þau hafi fylgt upplifun margra kvenna til dagsins í dag, en farið verður betur yfir það með hjálp túlkana feminískra guðfræðinga í næstu köflum.

Samkvæmt þessum textum eiga konur að vera undirgefnar eiginmönnum sínum, vera kyrrlátar og valdalausar. Karlmaðurinn er höfuð konunnar og skal konan lúta eiginmanni sínum í öllu. Í fyrra Tímóteusarbréfi tekur hann einnig sterklega fram að undirgefnari konunnar sé vegna þess að Adam var fyrst myndaður og síðan Eva. Upphaf syndarinnar er síðan

¹³ Auður Eir Vilhjálmsdóttir, *Vinátta Guðs*, bls. 26.

¹⁴ Krister Stendahl, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“

¹⁵ Auður Eir Vilhjálmsdóttir, *Vinátta Guðs*, bls. 33-35.

¹⁶ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Briet og Biblían. Um biblíutúlkun í upphafi íslenskrar kvennabaráttu.“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 165-204, hér bls. 165.

áberandi, bæði í fyrra Tímóteusarbréfi og í fyrstu Mósebók þar sem Adam lét ekki tælast en Eva tók ávöxtinn af trénu og át af honum, gaf einnig manni sínum og hann át líka

Við konuna sagði hann:
Mikla mun ég gera þjáningu þína
er þú verður barnshafandi.
Með þraut skaltu börn fæða,
samt skaltu hafa löngun til manns þíns
en hann skal drottna yfir þér. (1Mós 3.16).

Margir textar Biblíunnar hafa haft í för með sér meiri afleiðingar en aðrir og það vegna áhrifa á daglegt líf kvenna. Tengja má áhrif slíkra texta við margt í samfélögum sem konur þurfa að þola. Þetta hefur neikvæðar afleiðingar á líf kvenna og hafa konur haft minni réttindi innan hjónabands, færri tækifæri til menntunar og atvinnu og lægri laun.¹⁷ Margt hefur gerst og margir feminískir guðfræðingar hafa lagt sitt af mörkum að bættu jafnrétti kynjanna síðustu aldir. Nýjatestamentisfræðingurinn Elisabeth Schüssler Fiorenza, sem er til umfjöllunar í næstu köflum, og gamlatestamentisfræðingurinn Phyllis Trible segja að mikilvægt sé að skoða texta Biblíunnar í þeim tilgangi að læra af þeim. Gengið er út frá því að allir textar sem fjalla um konur geti haft þýðingu í samtímanum og að Biblían sé ekki heimild um lög og reglur fyrir konuna til að hlýða. Þau telja að frekar megi líta á Biblíuna sem tæki Guðs til þess að sýna konum hver raunveruleg staða þeirra er og mögulega sé hægt að öðlast frelsi undan kúgun, en þau hafa bæði nýtt sér þessa aðferð í rannsóknum sínum.¹⁸

Kafað verður dýpra í túlkun þriggja feminískra guðfræðinga, ljósi varpað á hvern þær telja vera vandann þegar kemur að guðsmyndinni, hvaða áhrif það getur haft í för með sér að kyngera guð sem karl og þá sérstaklega hvað varðar konur, börn og samfélagið í heild sinni.

¹⁷ Letha Dawson Scanzoni, „Why We Need Evangelical Feminists“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*, ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 64-76, hér bls. 67.

¹⁸ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Konurnar í Gamla testamentinu. Er hugsanlegt að þær eigi erindi við okkur?“ *Ritröð Guðfræðistofnunar / Studia theologica islandica 14*, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson, Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2000, bls. 149-170, hér bls. 151-152.

1.1 Mary Daly

„If God is male, then the male is God“,¹⁹

Það er við hæfi að byrja á fræðikonunni Mary Daly²⁰ þar sem að kenningar hennar eru bæði rót og kveikja að kristinni feminískri guðfræði. Daly lýsti sjálfri sér sem „róttækum lesbískum feminísta“ en hún starfaði í 33 ár sem prófessor við Boston College. Hún hafði áður lokið doktorsgráðu í guðfræði og heimspeki. Daly er talin vera ein sú allra áhrifamesta meðal kvenguðfræðinga 20. aldar en hún gat verið bæði rökföst og ögrandi í framkomu sinni, og hikaði ekki við að snúa sögunni á hvolf, til að sýna fram á óréttlæti í garð kvenna, þótt hún þyrfti að brjóta reglur til þess.²¹

Í þessum kafla verður túlkun Daly skoðuð nánar, spurt hverjar hafi verið áherslur hennar varðandi vandamálið að kyngera Guð sem karl og þær lausnir sem hún hafi sett fram við vandamálinu. Daly telur að afleiðingarnar við að kyngera Guð sem karl séu gífurlegar og að kristin hefð hafi mögulega verið sett upp af karlmönnum sem stjórnunartæki.²² Daly telur mikilvægt að umbreyta hugtakinu Guð til þess að ná fram jafnrétti kvenna.²³

Það leið ekki langur tími þar til margir höfnuðu mennsku kvenna vegna syndafallsins. Þar sem Eva var sköpuð úr rífi Adams samkvæmt annarri sköpunarsögu Biblíunnar hafði það áhrif á viðhorf fólks til kvenna sem afbrigði af hinum venjulega manni og tíðkast það enn á sumum stöðum.²⁴ Daly telur að samkvæmt þessari biblíulegu mynd sem fólk fær af Guði sem föður sem einnig birtist fólki sem alvaldur, stjórnandi faðir í himnaríki, þá sé þessi þróun sem hefur verið frá upphafi alveg í takt við það, þar sem samfélagið einkennist af ríkjandi völdum karla.²⁵

Mary Daly beinir sjónum að hinni karlægu hlið rómversk-kaþólsku kirkjunnar og hversu afgerandi sú hlið sé. Daly lýsir því hvernig einungis karlar hafi fengið að tjá sig innan

¹⁹ Mary Daly, *Beyond God the father-Toward a Philosophy of Women's Liberation With an Original Reintroduction by the Author*, Boston: Beacon Press, 1993, bls. 14.

²⁰ Bandaríkjakonan Mary Daly var róttækur feminískur heimspekingur, fræðikona og guðfræðingur. Mary Daly fæddist 16. október árið 1928 í New York og lést 3. janúar árið 2010, 81 árs gömul.

²¹ Margalit Fox, „Mary Daly, A Leader in Feminist Theology Dies at 81“, *nytimes.com*, 6. janúar 2010, sótt 26. febrúar 2018 af http://www.nytimes.com/2010/01/07/education/07daly.html?hpw&_r=0

²² Lynn Japinga, *Feminism and Christianity: An Essential Guide*, Nashville: Abingdon Press, 1999, bls. 23.

²³ Marjorie Hewitt Suchocki, „The Idea of God in Feminist Philosophy“, *Feminist Philosophy of Religion* 9/1994, bls. 57-68, hér bls. 58.

²⁴ Arnfríður Guðmundsdóttir, *Meeting God on the Cross, the Cross and the Feminist Critique*, New York: Oxford University Press, 2010, bls. 8-9.

²⁵ Mary Daly, *Beyond God the father*, bls. 13.

kirkjunnar og þá fyrst fór hún að vinna að bókinni *The Church and the Second Sex*.²⁶ Daly segir að bókin hefði mögulega aldrei orðið til hefði það ekki verið fyrir annað Vatíkan-þing rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Þingið olli straumhvörfum í afstöðu kaþólsku kirkjunnar til nútímasamfélags og telur Daly að margir, ásamt henni sjálfri, hafi litið á þingið sem von fyrir kirkjuna. Daly telur að þingið sé eitt af mikilvægustu skrefunum í sögu kaþólsku kirkjunnar og jafnframt einn af þýðingarmestu atburðum í trúarheimi 20. aldar. Þegar árin liðu héldu sumir áfram í vonina, þrátt fyrir breytta áherslu á meðan aðrir færðu vonina frá kirkjunni yfir á sig.²⁷ Daly ögraði kirkjunni og með útgáfu bókarinnar *The Church and the Second Sex* gerði hún áhrifum feðraveldisins góð skil, sem hefur gegnsýrt kristna trúarhefð. Daly varpaði fram tillögum um það hvernig kirkjan gæti nýtt sér náð Guðs til uppbyggingar fyrir jafnrétti innan kirkjunnar, þá sér í lagi fyrir konur. Í kjölfarið vildi hún umbreyta hugtakinu Guð, þar sem það hefði orðið fyrir skaðlegum áhrifum og búið væri að eigna það karlkyninu að hennar mati.²⁸ Daly hafnaði þeirri hefð að gera karlkyninu hærra undir höfði og kallaði eftir afnámi hugtaksins „Guð faðir“ og var það partur af gagnrýni sem fólst í því að sýna fram á hversu slæma meðferð konur hefðu hlotið innan kirkjunnar. Daly krafðist þess einnig að trúin yrði gelt eða vönuð.²⁹ Daly hélt í vonina í gegnum öll skrif sín að konur yrðu samþykktar innan kirkjunnar og var staðráðin í því að leiðrétta óréttlæti gagnvart konum.³⁰

Önnur bók Daly er *Beyond God the Father*³¹, var hún skrifuð af mikilli gleði og von til kvenna og er ákveðin viðvörun gegn því að freistast og snúa aftur undir vald karlmannna.³² Daly talar um að konur hafi ekki fengið að tala um sína eigin reynslu með sínum eigin orðum³³ og hefur hún einnig gengið svo langt að segja að guðfræði geti aldrei samrýmst feminísma vegna þess hversu karlmiðuð hin kristna hefð sé. Daly telur að þó svo að kristnir hafi ekki endanlega útilokað reynslu kvenna þá hafi hún slæm áhrif á konur vegna þess að reynsla kvenna hafi legið í höndum karla í gegnum alla mótunarsögu kristinnar hefðar.³⁴ Daly bendir á að í kvennaguðfræðinni, þar sem meðal annars ríkir sú hugmynd að frelsari kvenna sé karlmaður, sé enn ein lögfestingin á því að karlar eigi að vera æðri en konur. Kirkjan hefur

²⁶ Mary Daly, *The Church and the Second Sex-with the Feminist Postchristian Introduction and New Archaic Afterwords by the Author*, Boston: Beacon Press: Boston, 1985, bls. 10.

²⁷ Sama heimild, bls. 9.

²⁸ Marjorie Hewitt Suchocki, „The Idea of God in Feminist Philosophy“, bls. 58.

²⁹ Traci C. West, „The Gift of Arguing with Mary Daly’s White Feminism“, *Journal of Feminist Studies in Religion* 28/2012, bls. 112-117, hér bls. 113.

³⁰ Mary Daly, *The Church and the Second Sex*, bls. 10.

³¹ Bókin *Beyond God the Father* var gefin út fyrst árið 1973.

³² Mary Daly, *Beyond God the father*, bls. 5.

³³ Sama heimild, bls. 12.

³⁴ Sama heimild, bls. 69.

um aldir fullyrt að Guð hafi komið til mannanna í mynd karlmanns og það styðji yfirburði karla, og það að konur séu hið óæðra kyn.³⁵

Í bókinni *Beyond God the Father* skoðar Daly trú sem helstu orsök hvað varðar kúgun kvenna síðustu þrjú þúsund árin og hversu mikið konur hafa upplifað. Hún lýsir í nístandi smáatriðum þeim völundarhúsum sem gerð eru af feðraveldinu þar sem tilætlun þeirra er að koma í veg fyrir þessa hreyfingu og umbreytingu sem feministar hafa hrint af stað. Daly hefur til dæmis tekið eftir aukningu á nauðgunum, misnotkun á stúlkubörnum, smánun í garð kvenna í klámmyndum og valdi í allri sinni mynd sem sýnir hvernig konan á að beygja sig undir herra sinn, bæði andlega og líkamlega.³⁶

Samfélagið hefur einkennst af völdum karla í aldaraðir og felst vandamálið sem snýr að því að kyngera Guð sem karl, að mati Daly, meðal annars í þeirri þróun sem sprottin er upp frá þessari biblíulegu mynd af Guði sem föður, alvaldi og stjórnandi föður í himnaríki. Daly taldi það vera mikilvægt að umbreyta hugtakinu Guð frá þessari karllægu valdamynd og kallaði hún eftir afnámi hugtaksins „Guð faðir“ til þess að sýna fram á hversu slæma meðferð konur hafa hlotið. Daly talar einnig um að það sé mun betra að að nota sagnorð um Guð frekar en nafnorð. Hún telur að þetta þriggja stafa nafnorð geti ekki fangað allt sem Guð er og nái ekki kraftinum sem sagnorðin lýsa. Guð ER, tekur hún fram, og konur sem hafa ekki verið neitt, berjast út úr því að vera ekki neitt til þess að vera, lifa og eiga tilveru.³⁷

Niðurstaða Daly er meðal annars sú að afleiðingarnar af að kyngera Guð sem karl séu gífurlegar. Daly dregur upp biblíumyndina sem við fáum af Guði sem föður sem einnig birtist fólki sem alvaldur, stjórnandi faðir í himnaríki, en hún telur að þessi þróun hafi verið frá upphafi alveg í takt við það, þar sem samfélagið sé ríkjandi af völdum karla. Hvað varðar þau áhrif sem konur og börn hafa þurft að þola þar sem feðraveldið hefur gegnsýrt kristna trúarhefð, þá hefur Daly til dæmis tekið eftir aukningu á nauðgunum, misnotkun á stúlkubörnum, smánun í garð kvenna í klámmyndum og valdi í allri sinni mynd sem sýnir hvernig konan á að beygja sig undir herra sinn, bæði andlega og líkamlega. Daly telur að kristin trú sé í raun gagnslaus konum og þeim jafnvel skaðleg,³⁸ og sé mögulega sett upp af karlmönnum sem stjórnunartæki.³⁹ Lausn hennar er því meðal annars sú að kirkjan og kristin trú séu feðraveldisstofnanir og því eins gott fyrir konur að forða sér undan þeim, en sjálf sagði hún skilið við kirkjuna og kristni með því að gerast *post-christian*, en hún kaus að gera

³⁵ Sama heimild, bls. 70-71.

³⁶ Sama heimild, bls. 1-4.

³⁷ Sama heimild, bls. 33-34.

³⁸ Sama heimild, bls. 19.

³⁹ Lynn Japinga, *Feminism and Christianity*, bls. 23.

það eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að skipulögð trúarbrögð væru óaðskiljanleg frá áhrifum feðraveldisins og því óbjargandi að hennar mati.

1.2 Rosemary Radford Ruether

Rosemary Radford Ruether⁴⁰ er bandarískur feminískur fræðimaður og katólskur guðfræðingur. Ruether hlaut góða menntun og beindist áhugi hennar fljótt að mannréttindamálum og þá sérstaklega að réttindum svartra í Bandaríkjunum. Hún tilheyrði ekki hreyfingum feminísta á námsárum sínum en tók þátt í almennum mótmælum gegn stríði Bandaríkjamanna í Víetnam og ýmsu starfi tengdu friði og mannréttindum. Hennar fyrsta bók kom út árið 1967 og gefur titill hennar, *The Church against Itself*, til kynna hvað Ruether lá á hjarta.⁴¹

Í þessum kafla verða áherslur Ruther á vandamálið að kyngera Guð sem karl skoðaðar og hvaða lausnir hún telur vera á því vandamáli. Jafnrétti kvenna verður skoðað og þau áhrif sem konur, börn og samfélagið hafa þurft að þola, en Ruether telur að rót vandans sé meðal annars að finna í grunn hugmyndafræði kristinnar og að öll mannkynssaga gyðing-kristinnar hefðar sé lituð af valdniðslu karlanna yfir kvenmönnum.⁴²

Ruether varpar ljósi á þrenns konar áherslur um þrjár stefnur innan feminískrar guðfræði. Í fyrsta lagi gagnrýnir Ruether feminísku guðfræðihefðina og bendir hún á hversu takmörkuð hefðin sé og jafnvel eyðileggjandi fyrir konur. Í öðru lagi reynir hún að bæta fyrir sögur úr fortíðinni og sýna fram á náðargáfur og innsýn kvenna í gegnum söguna. Í þriðja lagi þá endurskoðar hún hefðbundnar kristnar hugmyndir svo hefðin geti aðlagast þörf og reynslu allra, en ekki einungis karla. Að mati Ruether hefur túlkun hefðarinnar reynst konum afar erfið og er inntak hennar flókið. Margir feminískir guðfræðingar vilji því ekki sætta sig við hefðina þar sem hún sé ekki vilji Guðs fyrir nútímann að þeirra mati.⁴³

Allt frá upphafi kristni hefur verið litið á kvenkynið sem hið óæðra og samkvæmt Ruether þá var það einfaldlega svo að konan var talin vera ófullkomin útgáfa af karlkyninu og hið guðdómlega var kennt við karlmenskuna sem hefði náð hápunkti sínum í Kristi.

⁴⁰ Ruether er fædd 2. nóvember árið 1936 og er ein þekktasta og mest lesna feminíska fræðikona og guðfræðingur samtímans. Ruether hefur sent frá sér um fimm hundruð greinar og meira en þrjátíu bækur. Verk hennar eru þýðingarmikil innan feminískrar guðfræði en hún hefur einnig gefið frá sér efni í samstarfi við ýmsa merka guðfræðinga og annað fræðifólk. Heimild: <http://www.bookrags.com/biography/rosemary-radford-ruether/#gsc.tab=0>.

⁴¹ Mary E. Hunt, „The Life of Scholar Activist Rosemary Radford Ruether“, *ncronline.org*, 15. október 2014, sótt 23. Febrúar 2018 af <http://ncronline.org/news/people/life-scholar-activist-rosemary-radford-ruether>

⁴² Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction To Contemporary Theologies*, Minneapolis: Fortress Press, 1998, bls. 165.

⁴³ Lynn Japinga, *Feminism and Christianity*, bls. 22.

Leiðtogi safnaðar eða sá sem talar opinberlega fyrir hönd kirkjunnar gat því ekki verið kona þar sem konur gátu ekki túlkað þessa karlkyns hlið Krists samkvæmt þeirri kenningu.⁴⁴ Feðraveldishugmyndin raðar í tignarstiga þar sem Guð situr efstur með englum og svo fylgir Jesús, karlar, konur, börn, og allt niður í lægstu verur. Með þessu er Guð gerður að stjórnanda eftir fyrirmynd jarðneskra yfirstétta og karlar gerðir að stjórnendum eftir þessari himnesku mynd.⁴⁵ Ruether telur að afleiðing feðraveldisins sé meðal annars sú mynd af Guði sem felur í sér tvíhyggju þar sem tvær andstæður eru bornar saman og er yfirleitt önnur talin góð en hin ill.⁴⁶ Ruether telur að með þeirri nálgun sé konan og efnið sett andspænis karlmanninum og andanum, þar sem hið fyrnefnda er talið illt en hið síðarnefnda gott. Að mati Ruether hafa konur með þessum hætti orðið undirgefnar og fremur dregið úr mennsku þeirra. Einnig er hún sannfærð um að vegna þess að tvíhyggjan orsakar áþján kvenna, þá þurfi að afmá hana úr kristinni guðfræði,⁴⁷ en margir feminískir guðfræðingar hafa velt því fyrir sér hvort kristin trú geti yfir höfuð verið jákvæð fyrir konur á meðan neikvæðni í garð kvenna ræður fôr.⁴⁸

Ruether telur að rót vandans sé að finna í grunnhugmyndafræði kristninnar og að öll mannkynssaga gyðing-kristinnar hefðar sé lituð af valdníðslu karlmannna yfir kvenmönnum. Einnig telur Ruether að með því að líta á karlmenn sem æðra kynið sé ekki aðeins konum neitað um jafnan rétt á við karlmenn heldur einnig um sína eigin mennsku.⁴⁹ Karllægt eðli hinnar gyðing-kristnu hefðar hefur verið einstaklega sterkt. Hið einhæfa sjónarhorn á einungis annað kynið í mynd Guðs hefur sjaldnast verið dregið í efa, með kristninni urðu karlmenn ímynd Guðs á jörðu og eiginkonur urðu þjónustustúlkur manna sinna og háðar Guði sem yfirvaldi.⁵⁰ Með þessari nálgun varð hið kvenlega eðli Guðs eða hliðarsjálfs Drottins þar sem viska Guðs var jafnvel sett í líkama kvenmanns nánast horfin úr Nýja testamentinu og fleiri kvenlegir eiginleikar Jahve, sem komu fram í mörgum textum Gamla testamentisins ekki lengur til staðar.⁵¹ Ruether telur að þá þurfi áherslan að vera á starf Jesú eins og það kemur fram í Nýja testamentinu, en í þeim textum berst Jesú fyrir réttindum kúgaðra og þar á meðal kvenna. Guð birtist fólki þannig, samkvæmt Ruether, jafnt kvenlægur sem karllægur

⁴⁴ Alister E. McGrath, *The Christian Theology Reader*, Oxford: Wiley-Blackwell, 2011, bls. 329.

⁴⁵ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God Talk*, Boston: Beacon Press, 1983, bls. 53.

⁴⁶ Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction to Contemporary Theologies*, bls. 169.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 170.

⁴⁸ Lynn Japinga, *Feminism and Christianity*, bls. 19.

⁴⁹ Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction To Contemporary Theologies*, bls. 165.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 53.

⁵¹ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God Talk*, bls. 57.

og tengir konur jafnt sem karla guðdóminum,⁵² og telur Ruether konuna vera skapaða í mynd Guðs⁵³ eins og segir í 1Mós 1.27:

Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd.
Hann skapaði hann eftir Guðs mynd.
Hann skapaði þau karl og konu.

Ruether hvetur til algerrar uppreisnar gegn feðraveldinu, og þá ekki aðeins þegar kemur að völdum kristinnar hefðar heldur einnig í samfélaginu öllu þar sem konur þurfa að lúta fyrir valdi karlmansins.⁵⁴

En ég vil að þið vitið að Kristur er höfuð sérhvers karlmans,
að karlmaðurinn er höfuð konunnar og
Guð höfuð Krists. (1Kor 11.3).

Sjá má í orðum Páls Postula hér að ofan hvernig valdinu er dreift innan sem utan heimilis, sem og innan hinnar nýstofnuðu kirkju. Þessi karlkyns Guð er ráðandi í hinu heilaga hjónabandi Guðs og kirkju. Karlmaðurinn er settur yfir konuna í öllum þeirra samskiptum og samvistum og er því einstaklega mikilvægt að finna hinn rétta Krist. Ruether leggur áherslu á að við að finna hinn rétta Krist verði að horfa á boðskap samstofna guðspjallanna og rífa hina hefðbundnu ímynd karlmennskunnar burt. Þá fyrst megi sjá margt sameiginlegt með gagnrýni feminista í nútímanum og í gagnrýni Jesú á samfélag sitt þar sem hann barðist fyrir jöfnuði alls mannkyns.⁵⁵

Niðurstaða Ruether um vandamálið er meðal annars sú að að rót vandans sé að finna í grunnhugmyndafræði kristinnar og að öll mannkynssaga gyðing-kristinnar hefðar sé lituð af valdníðslu karlmannna yfir kvenmönnum. Ruether bendir á að vegna þess hversu takmörkuð kristin hefð sé þá hafi allt frá upphafi kristinnar verið litið á kvenkynið sem hið óæðra og hið guðdómlega hafi verið kennt við karlmennskuna sem nær hápunkti sínum í Kristi. Ruether telur að með því að líta á karlmenn sem æðra kynið, þá sé það ekki aðeins eyðileggjandi fyrir konur heldur einnig sé konum neitað um jafnan rétt á við karlmenn. Með þessari túlkun urðu kristnir karlmenn ímynd Guðs á jörðu og eiginkonur urðu þjónustustúlkur manna sinna og háðar Guði sem yfirvaldi. Ruether trúir á jöfn réttindi alls mannkyns og að

⁵² Richard J. Plantinga, Thomas R. Thompson, og Matthew D. Lundberg, *An Introduction to Christian Theology*, bls. 565.

⁵³ Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction To Contemporary Theologies*, bls. 169.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 166.

⁵⁵ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God Talk*, bls. 135.

allir standi jafnir frammi fyrir Guði og er lausn hennar sú að mikilvægt sé að áherslan verði á starf Jesú eins og það kemur fram í Nýja testamentinu og að finna hinn rétta Krist. Ruether telur einnig að mikilvægt sé að hafa í huga að feminísmi snúist ekki eingöngu um sambandið á milli karla og kvenna líkt og guðfræði fjalli ekki einungis um sambandið milli Guðs og mannkyns. Hún telur að allt sé þetta í raun samtvinnað við tengsl manns og náttúru og til að lækna þessi sambönd þurfi að líta á þau sem heild með samtvinnaða hagsmuni.⁵⁶

1.3 Elisabeth Schüssler Fiorenza

Síðust þessara þriggja guðfræðinga sem fjallað verður um í þessum hluta er kaþólska fræðikonan og guðfræðingurinn Elisabeth Schüssler Fiorenza.⁵⁷ Kannað verður hvernig hún lítur á vandamálið sem hér er rannsakað og hverjar hennar tillögur eru að lausninni en Fiorenza útskrifaðist árið 1963 frá háskólanum í Würzburg með gráðu í guðfræði og fór þaðan beint í doktorsnám við háskólann í Münster með áherslu á nýjatestamentisfræði.⁵⁸ Hún telur að feminísmi sé ekki aðeins stefna tilkomin vegna áhyggjuefna hvað varðar kynin heldur til dæmis einnig vegna kynþáttar, aðgreiningar og heimsvaldastefnu. Ásamt því telur hún að hinar fjölbreytilegu stefnur sem tilheyri regnhlífarhugtakinu feminísmi séu meðal annars til þess að gagnrýna feðraveldið sem er að hennar sögn sá veruleiki sem er gegnsýrður af lögmáli einræðisherrans, keisarans, konungsins eða föðurins.⁵⁹ Fiorenza hefur gefið út fjölda bóka og greina á sviði guðfræðilegrar kvennagagnrýni um feminíska guðfræði og hafa kennsla hennar og rannsóknir allra helst snúið að spurningum um biblíu- og guðfræðilega þekkingarfræði, túlkunarfræði og mælskulist.⁶⁰

Í þessum kafla verða áherslur Fiorenza skoðaðar út frá skrifum hennar meðal annars og til þess að varpa enn skýrara ljósi á áherslur hennar verður einnig stuðst við greinina „Ritningin og kvennagagnrýnin - Kenningar Elisabeth Schüssler Fiorenzu um ritninguna og túlkun hennar“ eftir Arnfríði Guðmundsdóttur. Varpað verður ljósi á hvað Fiorenza telur hafa í för með sér að kyngera guð sem karl og hvað hún telur geta breytt þeirri stöðu, en Fiorenza telur meðal annars vandamálið snúa að guðfræðilegri kennslu.

⁵⁶ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God. An Ecofeminist Theology of Earth Healing*. San Francisco: Harper, 1992, bls. 1.

⁵⁷ Fiorenza er fædd í Rúmeníu 17. apríl árið 1938.

⁵⁸ Encyclopedia of World Biography, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“, *encyclopedia.com*, sótt 12. mars 2017 af <http://www.encyclopedia.com/history/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/elisabeth-schussler-fiorenza>

⁵⁹ Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies: Remembering the Struggles, Envisioning the Future“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*. ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 86-99, hér bls. 87.

⁶⁰ Krister Stendahl, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“

Fiorenza vill komast að sannleikanum sem snertir lifnaðarhætti frumkirkjunnar, við rannsóknir sínar á Nýja testamentinu beitir Fiorenza sögulegum aðferðum og gengur hún út frá því að bæði karlar og konur hafi verið virk og deilt völdum í frumkirkjunni.⁶¹ Fiorenza bendir á að konur hafi einnig verið postular, spámenn, trúboðar, samfélagsleiðtogar, sem og læknar í gegnum alla kristni og kirkjusöguna⁶² og styðst hún meðal annars við 3. kafla Galatabréfsins, þar sem Páll útlistar að enginn eðlismunur sé á milli Gyðinga og Grikkja, þræla né frjálsra, kvenna né karla, og að þarna sé að finna hið rétta andrúmsloft sem ríkti innan hópsins sem fylgdi Jesú.⁶³

Þið öll, sem eruð skírð til samfélags við Krist, hafið íklæðst Kristi.
Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður,
þræll né frjáls maður, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú.
(Gal. 3.27-28).

Fiorenza segir að feminístar hafi komið saman sem kirkja af kvenmönnum til að fagna sameiginlegum erfiðleikum til að öðlast réttlæti innan kirkjunnar og endurnýja sýn fólks á frjálsum heimi sem er fullur af kúgun. Einnig hafa feminístar saman, víða að úr heiminum, séð fyrir og lifað sem lærisveinar jafnréttis, til að fagna skírni fólks, og til að deila með fólki lífi sínu og fjölbreyttum lífsgjöfum sem lífið býður upp á.⁶⁴

Fiorenza hefur talað um vandamál sem snúa að guðfræðilegri kennslu og talað fyrir róttæku jafnrétti og lýðræði.⁶⁵ Telur hún að ekki sé hægt að horfa á málið sem greinda konu á móti fáfróðum manni, eða hvíta kona á móti svartri, brúnni eða rauðri. Einnig bendir hún á að vandamálið sé ekki einu sinni kona á móti karli. Fiorenza segir að þetta sé sterk réttlætning konunnar að segja þau orð sem heimurinn þarf að heyra. Feminísk guðfræði er, að hennar mati, til þess að móta mismunandi guðfræðilega og trúarlega framtíðarsýn og endurbæta karllæga strauma.

Fiorenza leggur áherslu á að leiðrétta kynjaða þekkingu sem og andlega skynjun manneskjunnar á heiminum sem er enn með einhliða sýn að því leyti að fólk heldur áfram að vera sett fram fyrir hagsmuni ákveðins hóps vestrænna hvíttra manna.⁶⁶ Skilgreining á valdi innan þessa samhengis er að það sé eign hinna sterku, þeirra sem drottna, þessi hópur stjórni

⁶¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Konurnar í Gamla testamentinu“ bls. 154.

⁶² Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies“, bls. 87.

⁶³ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Konurnar í Gamla testamentinu“, bls. 154.

⁶⁴ Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies“, bls. 86-87.

⁶⁵ Krister Stendahl, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“

⁶⁶ Elisabeth Schüssler Fiorenza, *The Power of Naming. A Concilium Reader in Feminist Liberation Theology*, Maryknoll NY: Orbis Books, 1996, bls. 3-4.

hvernig valdinu sé beitt⁶⁷ og hefur það verið réttlætt á kostnað ritningarinnar og skapað ójöfnuð í samfélögum. Mikið og óklárað verk er því fyrir höndum að hennar mati og telur hún að berjast þurfi fyrir jöfnum rétti allra og að ráðast beint gegn kúgun og yfirráðum sem sækja sér fólks rök á trúarlegum forsendum. Fiorenza telur einnig að þessi misskipting á auði í samfélaginu sé ekki sett á af Guði, heldur af syndugu mannkyni sem þráir yfirráð og á erfitt með að láta af völdum.⁶⁸

Í fyrrnefndri grein Arnfríðar, „Ritningin og kvennagagnrýnin“, tekur hún fram að Fiorenza tilheyrir þeim hópi kvenna sem telji að þrátt fyrir að bækur Biblíunnar séu ritaðar af körlum og hafi þar af leiðandi verið notaðar til þess að réttlæta kúgun allra kvenna, megi konur alls ekki afskrifa hana þar sem að margar konur bæði fyrr og nú hafi fundið hvatningu í Biblíunni til þess að rísa upp og berjast gegn óréttlæti.⁶⁹ Fiorenza telur að þeir textar í Biblíunni sem eru hlutlausir eða hliðhollir konum geti einnig ýtt undir valdaskipulag feðraveldisins og því nauðsynlegt að hennar mati að huga að því hlutverki sem textar Biblíunnar gegni í samtímanum.⁷⁰

Niðurstaða Fiorenza er meðal annars sú að vandamálið snúi að guðfræðilegri kennslu og telur hún það vera gagnlegt fyrir konur þegar kemur að valdbeitingu feðraveldisins að auka þekkingu á heiminum og Guði til þess að fullkomna sýn þessa einhliða heims og sýn kirkjunnar og leiðrétt kynjaða þekkingu sem og andlega skynjun manneskjunnar á heiminum. Slík guðfræði verður að opna fyrir raunveruleg vandamál samfélagsins í garð kvenna, en Fiorenza telur að mikið og óklárað verk sé fyrir höndum. Að hennar mati þarf að berjast fyrir jöfnum rétti allra og ráðast beint gegn kúgun og yfirráðum sem sækja sér fólks rök á trúarlegum forsendum. Lausn hennar er því sú að ef það á ekki að halda áfram ríkjandi tvíhyggju, þar sem skipt er á milli karla og kvenna, líkama og sálar, opinbers eða óopinbers, trúar og vantrúar, eins og fram kemur í hugmyndafræði sambandsins milli guðfræði og félagsfræði eða á milli guðfræði og annara mannlegra vísinda, þá telur hún nauðsynlegt að skoða hve mikið menningarlegar forsendur kynjanna og „kvenlegar“ hugsjónir hafa áhrif á guðfræðilegt tungumál og kristin gildi sem viðhalda kúgun kvenna.⁷¹ Hún heldur því einnig fram að þrátt fyrir að bækur Biblíunnar séu ritaðar af körlum og hafi þar af leiðandi verið

⁶⁷ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Krossinn og konurnar. Þjáning, andóf og eftirfylgd í kristinni trúarhefð.“, *Fléttur III. Jafnrétti, menning, samfélag*, ritstj. Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 35-56, hér bls. 35.

⁶⁸ Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies“, bls. 87.

⁶⁹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritningin og kvennagagnrýnin“, bls. 14.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 18.

⁷¹ Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies“, bls. 13.

notaðar til þess að réttlæta kúgun allra kvenna, megi konur alls ekki afskrifa hana þar sem að margar konur bæði fyrr og nú hafi fundið hvatningu í Biblíunni til þess að rísa upp og berjast gegn óréttlæti.

1.1.4 Helstu áherslur og ólíkar nálganir

Mary Daly, Rosemary Radford Ruether og Elisabeth Schüssler Fiorenza tengjast að mörgu leyti, bæði í gegnum heimspekilega og biblíulega guðfræði. Eftir að hafa skoðað þessa guðfræðinga og varpað ljósi á þeirra helstu áherslur og nálganir hvað varðar áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl þá má telja að þær Daly, Ruether og Fiorenza leggi allar áherslu á að reynsla kvenna hafi legið í höndum karla í gegnum alla mótunarsögu kristinnar og skilgreining á valdi sé eign hinna sterku, og þeirra sem drottna. Karlar hafi síðan stjórnað því hvernig valdinu sé beitt og hafi það verið réttlætt með tilvísunum í ritninguna. Áhrif þessa má sjá í kynjuðum ójöfnuði í samfélögum. Óhætt virðist að álykta sem svo að allir feminísku guðfræðingarnir telji því mikilvægt að skoða ritninguna upp á nýtt, því þar geti verið að finna texta sem geti hjálpað bæði körlum og konum að finna hlutverk sitt í lífinu.⁷² Í grein Arnfríðar Guðmundsdóttur, „Orðið sem bindur og leysir, Biblían og kynjahlutverkin“, tekur hún fram að í réttindabaráttu kvenna hafi Biblían ætíð gegnt tvíþættu hlutverki, bæði gegn konum sem og sem hvatning og styrkur í baráttu þeirra.⁷³ Arnfríður segir að sérstaða Biblíunnar felist í því að geyma orð sem hefur, og heldur áfram að hafa vald til þess að binda og leysa. Biblíutextarnir eru notaðir til þess að „binda“ líf kvenna á bás fordóma og kynjamisréttis og á meðan það heldur áfram að vera þannig, þá telur Arnfríður það vera mikilvægt að halda áfram gagnrýninni endurskoðun.⁷⁴

Þessar áhrifamiklu konur hafa ólíkan bakgrunn, nálgun þeirra er ólík og spilar baráttu þeirra allra stóran sess í uppbyggingu á jafnrétti kynjanna, með skrifum þeirra og framlagi til kvennaguðfræðinnar. Ef áherslum þeirra þriggja er skipt gróflega niður, þá er Daly á heimspekisviði, áherslur Fiorenza beina athyglinni að gagnrýninni túlkun Biblíunnar en áherslur Ruether tengjast kristinni kirkjusögu. Þrátt fyrir ólík svið og þ.a.l. ólíkar áherslur eiga þær það sameiginlegt að vilja leiðrétta kynjaða þekkingu fólks og andlega skynjun þess á heiminum. Samkvæmt þeim og öðrum feminískum guðfræðingum þarf að móta mismunandi

⁷² Alister E. McGrath, *The Christian Theology Reader*, bls. 131.

⁷³ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Orðið sem bindur og leysir. Biblían og kynjahlutverkin.“ *Studia Theologica Islandica 18*, ritstj. Einar Sigurbjörnsson Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, Reykjavík, 2003, bls. 11-26, hér bls. 11.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 24.

guðfræðilega og trúarlega framtíðarsýn og endurbæta karllæga strauma ásamt því að auka þekkingu á heiminum og Guði til þess að fullkomna sýn þessa einhliða heims og kirkjunnar.

2. Guðsmyndin

Í bókinni *Feminism and Christianity* tekur Lynn Japinga fram að yfirleitt sé talað um Guð í karlkyni og ástæðan sem oft er gefin fyrir því sé sú að Biblían tali um „hann“ og Jesús tali um Guð sem föður.⁷⁵ Kristin guðsmynd einkennist af ást og náð frekar en reiði og heift. Það að samþykking tilvist Guðs er fyrir kristna einstaklinga í raun að samþykking að það sé til skapandi kraftur sem einkennist af ást og náð gagnvart mannkyninu.⁷⁶ Reynt hefur verið að breyta þessari karllægu guðsmynd í gegnum tíðina af meðal annars listafólki, en fáar þessara tilrauna hafa vakið jafn hörð viðbrögð frá samfélaginu og þegar Guð er túlkaður sem kona. Ekki má þó gleyma að guðsmyndin getur breyst með ákveðnum áföllum eða gleðilegum atburðum. Atburðir í lífinu sem fólk gengur í gegnum hafa í för með sér endurskoðun á guðsmyndinni fyrir einstaklinginn. Guðsmyndin getur breyst til hins betra eða verra eða staðið í stað og orðið að steingervingi sem veldur innri togstreitu.⁷⁷

Í þessum hluta verður guðsmyndin skoðuð annars vegar með hjálp bókarinnar *Börn og trú* eftir Sigurð Pálsson, og hins vegar með hliðsjón af hugmyndum guðfræðingsins og feminístant Sallie McFague sem hefur meðal annars sérhæft sig í tali um Guð. Með hugmyndum, áherslum og nálgunum McFague og þeim fræðimönnum sem Sigurður Pálsson styðst við næst að varpa enn betur ljósi á uppruna kristinnar guðsmyndar og hvaðan börn þróa sína guðsmynd, bæði út frá föður- og móðurímynd. Einnig verður athugað hvar karllægt kynjað tal er aðallega að finna, reynt að komast skrefinu nær hvernig hægt er að móta jákvæðari guðsmynd fyrir börn, hvaða áhrif það hefur fyrir konur, börn og samfélagið almennt að orðið Guð sé kyngert sem karl og hvaða lausnir er að finna til að mynda jákvæðari guðsmynd.

2.1 Hvaðan kemur guðsmyndin?

Dr. Sigurður Pálsson, fyrrverandi sóknarprestur í Hallgrímskirkju, svarar þeirri spurningu fyrir hönd fræðimanna sem leggja áherslu á börn, en hann fer yfir ýmsar kenningar fræðimanna um guðsmyndina í bók sinni *Börn og trú*. Þar útskýrir Sigurður hugmyndir kanadíska geðlæknisins Ana-Maria Rizzuto, en hún dró þær ályktanir frá rannsóknum sínum

⁷⁵ Lynn Japinga, *Feminism and Christianity*, bls. 55.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 66.

⁷⁷ Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001, bls. 60-61.

að trúin á Guð þjónaði mikilvægu hlutverki við að koma á jafnvægi í lífi einstaklingsins og hefði einnig hvetjandi áhrif.⁷⁸ Guðsmyndin er mynd sem einstaklingur geymir í hugskoti sínu af Guði, líkt og hann geymir móður- og föðurímynd í huga sér. Tilfinningar tengdar myndinni eru sterkar og byggist myndin á reynslu barnsins af Guði. Guðsmyndin er lifandi og virk í hugskoti einstaklingsins og tekur breytingum ævilangt.⁷⁹

Guðsmynd einstaklinga eða sú „lifandi mynd“ af Guði sem einstaklingurinn geymir með sér er sérstök sköpun sem byggist á persónulegri reynslu. Þessa reynslu sækir viðkomandi t.d. frá foreldrum, ættingjum, vinum, kennurum, prestum eða öðrum nákomnum og getur þessi lifandi mynd af Guði myndast og þróast úr öllum áttum. Rizzuto tekur fram að guðsmyndin byggist á tilfinningalegum þáttum eins og öryggi, kærleika, siðgæði, festu, draumum um hið fagra, góða og fullkomna, hugmyndum um persónur og ýmsum ytri menningarlegum og félagslegum þáttum. Guðsmyndin getur því komið frá myndum sem fengnar eru úr umhverfinu, til dæmis efni sem miðlað er um Guð í fjölmiðlum, í fræðslu, í söngvum og atferli.⁸⁰ Einnig getur guðsmyndin tekið breytingum í gegnum allt líf einstaklingsins og með aukinni lífsreynslu og þroska mótast guðsmyndin og geta breytingarnar valdið sársauka og innri kreppu, en út af þessari mótun talar Rizzuto um guðsmyndina sem „lifandi mynd“ af Guði.⁸¹ Rizzuto telur að guðsmyndin hafi það hlutverk að skapa jafnvægi og léttu tengsl í lífi einstaklings sem er kjarni tilverunnar í lífi viðkomandi.⁸² Rizzuto telur guðsmyndina breytast í gegnum líf og þroska einstaklingsins en út frá því má skoða ákveðna tegund guðfræði sem kallast þróunarguðfræði sem byggir á að Guð breytist, þróist og sé með fólki í þjáningunni. Þessi tegund af guðfræði leggur mikla áherslu á að Guð sé með fólki í þeirri vegferð sem lífið er og taki sér stöðu með fólki þar sem það er statt. Margir feminískir guðfræðingar hafa heillast af þessari nálgun en hún dregur úr áherslu á almáttugan föður og alveldi Guðs.⁸³

Í bók sinni varpar Sigurður ljósi á þá mynd af Guði sem birtist í Biblíunni, en þar er Guði lýst sem valdhafa, en það er þó ekki verið að gefa til kynna að mannveran sé valdlaus. Trú fólks á Guð fyllir upp í það sem vantar hjá því til þess að mynda heild, en margar mismunandi sýnir eða hugsanir um Guð geta komið upp hjá ólíkum einstaklingum. Það má segja að fyrir kristna einstaklinga sem samþykkja tilvist Guðs sé í raun ákveðið samþykki um

⁷⁸ Sama heimild, bls. 53.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 57-58.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 58-60.

⁸¹ Sama heimild, bls. 60-61.

⁸² Sama heimild, bls. 64.

⁸³ Placher, William C., ritstj., *Essentials of Christian Theology*, Louisville: Westminster John Know Press, bls. 55-56.

að það sé til skapandi kraftur sem einkennist af ást og náð gagnvart mannkyninu. Margar lýsingar á Guði er að finna í Biblíunni og gagnrýna feminískir guðfræðingar það hefðbundna og gamla orðalag sem er notað þegar talað er um Guð sem föður, konung, drottin eða meistara á meðan það eru til aðrar lýsingar á Guði sem hægt væri að nota. Með því að nota þetta gamla og hefðbundna orðalag er verið að gefa í skyn að Guð sé valdamikill og hafi alla stjórn í sinni hendi.⁸⁴

Niðurstöðurnar eru því þær að einstaklingurinn geymir guðsmyndina í hugskoti sínu. Myndin getur tekið breytingum ævilangt og er sérstök sköpun sem byggist á persónulegri reynslu. Þessa reynslu sækir viðkomandi úr öllum áttum, bæði frá fólki og umhverfinu en guðsmyndin byggist allra helst á tilfinningalegum þáttum eins og öryggi, kærleika, siðgæði, festu, draumum um hið fagra, góða og fullkomna, hugmyndum af persónum og ýmsum ytri menningarlegum og félagslegum þáttum. Lausnir á þeirri guðsmynd sem er meðal annars að finna í Biblíunni af hinum almáttuga föður er til dæmis sú guðfræði sem kallast þróunarguðfræði. Þessi tegund af guðfræði leggur mikla áherslu á að Guð sé með fólki í þeirri vegferð sem lífið er og taki sér stöðu með fólki þar sem það er statt. Margir feminískir guðfræðingar hafa heillast af þessari nálgun því hún dregur úr áherslu á almáttugan föður og alveldi Guðs.

2.1.1 Sallie McFague

Guðfræðingurinn og feminístin Sallie McFague hefur skrifað um guðsmyndir í bókum sínum *Models of God* frá 1987 og *A New Climate for Theology. God, the World, and Global Warming*, frá 2008. Hún telur það skipta miklu máli hvernig fólk talar um Guð, hvað Guði er líkt við og hvaða myndir séu dregnar upp af Guði.⁸⁵ Í þessum kafla verða áherslur McFague á guðsmyndina skoðaðar, vandamálið við að kyngera Guð sem karl og hvaða lausnir hún telur vera til þess að þróa jákvæðari guðsmynd. Hún dregur upp myndir af eldri guðslíkönum og varpar fram nýjum hugmyndum um samband Guðs við heiminn, en að hennar mati er nauðsynlegt að endurnýja hugmyndina um samband Guðs og heims.

Þær myndir sem McFague dregur upp eru af skapara heimsins og frelsara, Guði sem er hátt upp hafinn, alvitur, algóður, almáttugur og sem hefur skapað heiminn úr engu í gæsku

⁸⁴ Sama heimild, bls. 55-57.

⁸⁵ Sallie McFague, *Models of God, Theology for an Ecological, Nuclear Age*. Philadelphia: Fortress Press, 1987, bls. ix-xiii.

sinni.⁸⁶ Hún telur að vandamálið hafi verið meðal annars sú hættu að tala um Guð sem konung og sigurvegara sem hafi allan máttinn sín megin. Hún segir að þá fyllist fólk lotningu fyrir „gæsku“ Guðs auk ótta og auðmýkingar. Hún telur að með þessari mynd geti Guð aðeins verið Guð ef fólk er ekkert, en Guð tekur fólk að sér því það er algjörlega hjálparlaust á meðan þessi almáttuga konungsmynd gerir Guð fjarlægum.⁸⁷

McFague styðst við nokkur líkön en hér verður varpað ljósi á eitt þeirra og er það nefnt gerandalíkanið. Gerandalíkanið er fornt, á rætur í hebreskri og kristinni hefð⁸⁸ og er Guð þar með áætlanir og markmið fyrir heiminn sem koma til framkvæmda í gegnum söguna. Guð er gerandi, skapari og frelsari heimsins og stjórnar með guðlegri forsjón ásamt því að hafa umsjón með heiminum á alla vegu. Guð skapar úr engu og leiðir eins og faðir, elskhugi, verndari og konungur. Guð hefur sömu mannlegu eiginleika og mannfólkið og þá aðallega þegar kemur að hæfni fólks til að taka ákvarðanir, hafa áhrif eða draga ályktanir svo eitt fátt sé nefnt. McFague telur gerandalíkanið ekki gagnlegt nú á dögum þar sem við blasa umhverfisvandamál í heiminum, fátækt og ójöfnuður. Þessi guðsmynd er guðmiðlæg með Guð í aðalhlutverki og að hennar mati er þörf á nýrri guðsmynd.⁸⁹

Sallie McFague setur fram nýjar guðsmyndir sem hún leggur út af holdtekju Guðs í heiminum. Samkvæmt henni holdgerist Guð eins og flestir þekkja hann í Jesú Kristi sem síðan bjó í heiminum eins og kemur fram í Jóhannesarguðspjalli:

Og Orðið varð hold, hann bjó með oss,
fullur náðar og sannleika og vér sáum dýrð hans,
dýrð sem sonurinn eini á frá föðurnum. (Jóh 1.14).

Hugtakið *Yahweh* er því ekki lengur skilið sem einn aðili, heldur er það persónulega aðgreint sem faðir, sonur og heilagur andi. Þrenningarkenningin hafnar samt sem áður ekki eingyðistrú Gamla testamentisins, en sú hugmynd byggist á þessum eina Guði, sem er um leið bæði faðir, sonur og heilagur andi, eða þríeinn.⁹⁰ Það sem gerir guðsmyndina kristmiðlega er holdtekjan þar sem Guð gerist einn af mannfólkinu og táknað það að Guð er hjá fólk og opinberar sig fyrir því á þennan hátt í holdtekjunni. Jesús birtist fólk því þannig sem andlit Guðs á meðal þess og þannig sér það Guð í Kristi. Það má því segja að þrenningarkenningin dýpki skilning fólks á eiginleikum Guðs og samskiptum við

⁸⁶ Sallie McFague, „An Ecological Christology: Does Christianity Have It?” *Christianity and Ecology*, ritstj. Dieter T. Hessel and Rosemary Radford Ruether, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2000, bls. 64-65.

⁸⁷ Sallie McFague, *Models of God*, bls. 64-67.

⁸⁸ Sama heimild, bls. 70-71.

⁸⁹ Sama heimild, bls. 70-75.

⁹⁰ Sama heimild, bls. 81-82.

sköpunina.⁹¹ McFague telur það vera í eðli Guðs að holdgerast í heiminum og samband Guðs og heims í ljósi holdtekjunnar sé ein mikilvægasta kenning kristninnar. Guð er uppspretta allrar tilvistar, ekki bara heimsins heldur einnig í sköpuninni og holdtekjunni. Heimurinn er í Guði en Guð er svo miklu meira og líkir McFague þessari hugmynd við manninn, sem er í líkama, en er ekki aðeins líkaminn, heldur eitthvað meira. Að hennar mati samsvarar þessi kenning hinni kristnu staðhæfingu að Guð sé með fólki í holdi í Jesú Kristi.

Niðurstaða McFague er meðal annars sú að gerandalíkanið, þar sem Guð skapi úr engu og leiði eins og faðir, elskhugi, verndari, konungur og með mannlega eiginleika, sé ekki gagnlegt nú á dögum. Hún telur það hafa áhrif á hæfni fólks til að taka ákvarðanir, hafa áhrif eða draga ályktanir og nú á tímum þar sem blasi við umhverfisvandamál í heiminum, fátækt og ójöfnuður, þá sé þessi guðsmynd miðlæg með Guð í aðalhlutverki og að hennar mati sé því þörf á nýrri guðsmynd. Lausnina telur hún meðal annars vera að halda áfram að vinna með Guði að skapa betri heim, halda í frelsunarstarf Jesú og miðla því áfram að Jesús sýndi það með lífi sínu og dauða að fólk á ekki að hreiðra um sig í trúnni, heldur hafi Jesú gert þetta allt fyrir fólkið og vegna þessa eigi það að vinna með honum að frelsuninni.⁹² Þeir sem kjósi að kúga konur og eigi hlut í þeim atburðum sem eiga sér stað í valdbeitingu feðraveldisins geri það alfarið með frjálsum vilja sínum og það hafi ekkert með Guð að gera að mati McFague.⁹³

2.1.2 Tengsl guðsmyndar við föður- og móðurímynd

Sigurður tekur fram í bók sinni að áhrifavald foreldranna sé mikið og geti tekið sér festu í yfirsjálfinu. Sigurður vitnar í Sigmund Freud⁹⁴ sem telur að strangleiki föðursins, ásamt hugsjónum og gildismati foreldranna sem barnið geri að sínum, sé hluti af samvisku barnsins. Freud taldi að einstaklingar gerðu sér ómeðvitaðar hugmyndir um Guð sem tengdar væru af tilfinningum, óskum og þörfum sem barn hefði varðandi föður sinn. Samkvæmt kenningu Freud þá er sú guðsmynd sem einstaklingurinn hefur þróað með sér endurspeglun sem einstaklingurinn eða barn hefur af föður sínum. Einnig telur Freud að ástæðan sé sú, hvað varðar þarfir barnsins sem liggja að baki þegar barnið gerir sér mynd af Guði, að barnið skapi

⁹¹ Sama heimild, bls. 109-110.

⁹² Sallie McFague, *Models of God*, bls. 52-55.

⁹³ Sama heimild, bls. 142.

⁹⁴ Sigmund Freud (1856-1939) var geð- og taugalæknir sem starfaði á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Freud var jafnframt einn helsti upphafsmaður sálgreiningar (e. psychoanalysis), en það er safn hugmynda sem lýtur að starfsemi hugans, geðrænum kvillum, uppbyggingu og starfsemi samfélagsins, greiningu bókmennta og ýmsu öðru.

sér Guð til þess að lifa af í heimi sem er því andsnúinn. Barnið, sem í þessu tilviki er sonurinn, njóti ekki lengur skjóls föðurins og fari því að leita til yfirnáttúrulegs föður eftir hjálp og stuðningi. Þannig verður Guð ekkert annað en upphafin föðurímynd að mati Freud.

Sigurður varpar ljósi á þróun guðsmyndarinnar sem hefst á Ödípusskeiðinu⁹⁵, þar sem sonurinn geymir í undirvitundinni minningar og óskir um föðurinn og tilfinningar hans, bæði jákvæðar sem og neikvæðar. Tilfinningar eins þrá eftir föðurnum, ótta, reiði og undirgefni. Um fimm ára aldur innhverfast þessar myndir og tilfinningar og setjast að í yfirsjálfinu en það er þegar maðurinn upplifir smánun og hjálparleysi frammi fyrir ógnandi og óviðráðanlegum öflum tilverunnar. Sigurður segir að vanmáttur og ótti yngri ára hafi verið bættur þannig, með því að flýja skjól foreldranna, eða föðurins, þar sem barnið upplifði sig öruggt. Barnið gerir sér sem sagt mynd sem lýsir sér þannig að foreldrarnir eru almáttugir, algóðir og alvísir og verður því Guð í mynd hins upphafna föður, skjól sem hinn fullorðni flýr til.

Sigurður telur að hugmyndir Freud hvað varðar tengsl foreldraímynda og guðsmynda hafi aukið skilning á ýmsum sjúklegum birtingarmyndum trúarinnar⁹⁶ og samkvæmt kenningu Freud þá er sú guðsmynd sem einstaklingurinn hefur þróað með sér endurspeglun sem einstaklingurinn eða barn hefur af föður sínum. Vandamálið sem Sigurður varpar fram með kenningum Freud um að kyngera Guð sem karl er því meðal annars það að trúin á þennan Guð býður upp á óraunverulega huggun og telur Freud því lausnina vera meðal annars fólgn í því að komast yfir þessa barnalegu hugvillu.⁹⁷

Fyrsta og mikilvægasta skrefið í þroskaferli barns að mati Erik H. Erikson er að læra að treysta öðrum, en það er ein af undirstöðum þess að barnið geti lært að treysta sjálfu sér og að grundvallarþörfum þess sé fullnægt. Í upphafi upplifir barnið ást og umhyggju þegar það tekur til sín næringu frá móður og það öryggi að móðirin komi alltaf aftur til að hugsa um það kennir barninu að heimurinn sé traustvekjandi. Erikson telur að ef það verði brestur á þessari umönnun sé hætta á að skapgerð viðkomandi einkennist af tortryggni gagnvart öðrum og vantrausti á sjálfan sig. Telur Sigurður því að grundvöllur trausts komi frá móður.⁹⁸

Sigurður segir að eftirmenn Freud hafi lengi ekki deilt áhuga hans á hinum trúarlega þætti sálarlífsins og hafi það ekki verið fyrr en árið 1958 þegar Erikson tók upp þráðinn með ítarlegri greiningu á tengslum Marteins Lúther við föður sinn og þeirri breytingu sem verður á guðsmynd hans eftir harkalega innri baráttu. Erikson greinir sig frá kenningum Freud á

⁹⁵ Hugmynd sálgreinisins Sigmunds Freud á tilteknu skeiði á lífsleiðinni.

⁹⁶ Sigurður Pálsson, *Börn og trú*, bls. 46-47.

⁹⁷ Sama heimild, bls. 45-46.

⁹⁸ Sama heimild, bls. 47-48.

ýmsa vegu og telur Erikson trúna gegna mikilvægu hlutverki í lífi mannsins og þroska. Erikson telur að þótt þroski mannsins sé háður margvíslegum félagslegum stuðningi þá séu það trúarbrögðin sem fáist við og hlúi að því sem skipti manninn mestu. Að mati Erikson er það grundvallartraust og tilfinningin fyrir því að skipulag ríki í alheiminum.

Sigurður leggur áherslu á þrjá þætti sem Erikson telur að séu mikilvægir fyrir þróun guðsmyndarinnar. Í fyrsta lagi er það traust tilfinningasamband móður og barns. Í öðru lagi er fyrsta upplifun barnsins að vera hjá og vera séð af móður sinni og í þriðja lagi tilfinning barnsins fyrir því að vera yfirgefið af móðurinni. Að mati Erikson þá er það sú tilfinning sem barnið hefur af nærveru móður sinnar sem hann kallar „hina heilögu návist“ og er þegar barnið liggur við brjóst móður sinnar. Erikson bætir við að í lífi hins fullorðna endurspeglit þessi tilfinning í trúarlegri reynslu af ósýnilegri návist Guðs. Þessa reynslu af ásjónu miskunnseminnar, það sem staðfestir sérstöðu einstaklings og mettar þarfir viðkomandi fyrir að vera einstakur eða einstök, leitast sá fullorðni síðan við að endurskapa og endurupplifa í trúarlegu samfélagi við guðdóminn og segir Erikson manninn þrá að vera tekinn í faðm Guðs.⁹⁹

2.1.3 Í hvaða kyni Guð birtist börnum

Þær myndir sem er að finna af Guði í Biblíunni, þar sem talað er um Guð sem föður, konung, drottin eða meistara, geta ýtt undir valdbeitingu og gefa í skyn að Guð sé valdamikill og hafi alla stjórn í sinni hendi. Samkvæmt McFague þá skiptir miklu máli hvernig talað er um Guð, hvað Guði er líkt við og hvaða myndir eru dregnar upp af Guði. Eins og Sigurður tekur fram í bók sinni þá geymir sú mynd sem einstaklingur á í hugskoti sínu af Guði, líkt og móður- og föðurmynd, sterkar tilfinningar. Guðsmyndin getur þróast með ýmsum hætti og getur því komið frá myndum sem fengnar eru úr umhverfinu, til dæmis efni sem miðlað er um Guð í fjölmiðlum, í fræðslu, í söngvum og atferli. Af þeim sökum er vert að skoða í hvaða kyni Guð birtist börnum í færslu innan kirkjunnar.

Á heimasíðunni *kirkjan.is* kemur fram í fræðslustefnu kirkjunnar sem var samþykkt á Kirkjuþingi árið 2013 að markmið fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar sé að stuðla að góðu og markvissu fræðslustarfi í söfnuðum landsins. Á fjögurra ára fresti er síðan ákveðið viðfangsefni fræðslumála dregið fram og áhersla lögð á endurskoðun og endurbætur í öllum þáttum starfsins. Á síðunni kemur fram að markmið barnastarfs Þjóðkirkjunnar sé að barnið

⁹⁹ Sama heimild, bls. 50-51.

læri að þekkja Guð og upplifa samfélag við hann í samræmi við þroska þess og aldur.¹⁰⁰ Einnig kemur fram að hugmyndir barnsins um Guð mótist mikið af fyrirmyndum hinna fullorðnu og viðhorf og breytni fræðara og annars starfsfólks hafi ekki síður áhrif en þau orð sem sögð séu. Til að skapa heildarskilning í trúar- og siðferðilegu uppeldi þarf að höfða til þekkingar, færni og viðhorfa barnsins og tekið er fram að markmið starfsins skuli ná til eftirfarandi þátta: „Til móts við Guð, Að tilheyra Kristi, Að lifa í trú, Að tilheyra söfnuðinum.“ Í hlutanum „Til móts við Guð“ er sagt: „Leiða þarf barnið til móts við Guð í bæn og tilbeiðslu, og sjá einnig til þess að það kynnist frásögum Biblíunnar af Guði og því hvernig hann mætir fólki í hversdagslegu lífi þess.“¹⁰¹

Eins og sjá má er orðið Guð kyngert sem karl, en þess má geta að orðið er karlyns samkvæmt íslenskri málfræði og má því telja afar líklegt að fræðsluefnið sé í svipuðum anda. Rætt verður nánar í þessum kafla um áhrif þess að kyngerða orðið Guðs sem karl, en fram kom í inngangi þessarar ritgerðar að boðskapurinn sem fluttur væri fyrir börnin í sunnudagaskólanum væri á karllægu máli, hvað varðar gömlu söngvana og bænir. Jafnframt var nefnt að reynsla höfundar væri sú að leiðbeinendur sunnudagaskólanna kynjuðu Guð ekki, sem er jákvætt, en það er ekki nægilegt. Sjá þarf breytingu á kyni Guðs í efninu sem notað er í barnastarfi kirkjunnar.

Á heimasíðunni barnatrú.is¹⁰² er að finna brot af því sem efnisveitan hefur að geyma en þar má finna það efni sem notað er í barnastarfinu. Eftir að hafa skoðað þessa síðu er vert að skoða nokkur dæmi um bænir og söngva sem heyrst hafa í sunnudagaskóla og barnastarfi. Í dæmunum hér að neðan verða þau orð feitletruð sem eru karllæg til að undirstrika hversu karllægur textinn er.

Söngvar

Guð hefur eyru, **hann** heyrir:

Guð hefur eyru, **hann** heyrir. Guð hefur augu, **hann** sér. Hjarta mitt litla það veit að **Drottinn einn hann** er. Er ég klappa í gleði minni. Er ég syngja vil **sönginn til hans**. La la la la la

Bæði **hann** sér og heyrir lofgjörð sérhvers barns. La la la la la . . . Guð hefur eyru, **hann heyrir**. Guð hefur augu, **hann sér**. Hjarta mitt litla það veit að **Drottinn einn hann** er. .:; **Drottinn einn hann** er. .:;

¹⁰⁰ „Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar“, *Kirkjan.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://kirkjan.is/um/stefnumal/fraedslustefna/>

¹⁰¹ „Námskrá fyrir fræðslu Þjóðkirkjunnar“, *Kirkjan.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://kirkjan.is/kerfi/skraarsofn/kirkjan-frettir/2011/03/ad-visa-veginn.pdf>

¹⁰² „Barnatrú“, *Barnatrú.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://xn--barnatr-d2a.is/>

(Lag og texti: Helga Jónsdóttir).

Minn Guð, þú elskar öll þín börn, vers 1.

Minn Guð, þú elskar öll þín börn,

þú elskar líka mig.

Þú ert **minn skjöldur**, skjól og vörn,

því skal ég elska þig.

(Texti: Sigurbjörn Sveinsson, lag: Amerískt þjóðlag).

Bæn

Vertu Guð **faðir, faðir minn,**

í frelsarans Jesú nafni.

Hönd þín leiði mig út og inn,

svo allri synd ég hafni.

Amen

Borðbæn

Þökkum **Drottni**, því að **hann** er góður

og **miskunn hans** varir að eilífu.

Amen

Eins og tekið var fram hér að ofan þá er þetta einungis lítið brot af því sem finna má í efnisveitunni, en í þessari ritgerð er ekki svigrúm til að taka með fleiri texta. Reikna má þó með að karllægir textar og bænir um Guð séu ríkjandi enn þann dag í dag í trúaruppeldi barna í kirkjunni.

Sigurður Pálsson, sem áður er nefndur, varpar einnig ljósi á trúarlegan þroska barna í bók sinni *Börn og trú*. Sigurður styðst við hugmyndir svissneska fræðimannsins Jean Piaget, en hann var með áhrifamestu fræðimönnum 20. aldar á sviði vitsmunasálfræði. Piaget telur að barnið byggi upp skilning sinn á sjálfu sér og umhverfinu úr ásköpuðum eðlisþáttum og með virkum samskiptum við umhverfið. Sigurður leggur áherslu á fjórar formgerðir vitsmunalífsins sem Piaget setur fram varðandi þroskaferli mannsins. Formgerðirnar mótast, þá bæði af líffræðilegum ástæðum sem og reynslu og þroska einstaklingsins. Piaget telur hugmyndir leikskólabarna á aldrinum 2-7 ára hafa fjögur megineinkenni um heiminn sem hann kallar raunhyggju, lífhyggju, sköpunarhyggju og sjálflægni.¹⁰³ Piaget tekur fram að einn þeirra þátta sem snúi að hugsunum barna um Guð sé að þau geri ekki mikinn mun á Guði og

¹⁰³ Sigurður Pálsson, *Börn og trú*, bls. 67-68.

foreldrum sínum. Börn á leikskólaaldri hafa mjög háleitar hugmyndir um foreldra sína og eigna þeim alla þá eiginleika sem fyrri kynslóðir hafa eignað Guði.¹⁰⁴

Í grófum dráttum þá eru helstu niðurstöður um tengsl guðsmyndar við föður- og móðurímynd og í hvaða kyni Guð birtist börnunum, að mikilvægt sé að endurskoða fræðsluefni kirkjunnar. Með því að nota gamalt og hefðbundið orðalag þegar talað er um Guð sem föður, konung, drottinn eða meistara á meðan það eru til aðrar lýsingar á Guði sem hægt væri að nota, til dæmis Guð sem móðir, vinkona eða systir, þá er verið að gefa í skyn að Guð sé valdamikill karlmaður sem hafi alla stjórn í sinni hendi. Í ljósi þess að fyrsta og mikilvægasta skref í þroskaferli barnsins er að læra að treysta öðrum og er það er jafnframt undirstaða þess að barnið geti lært að treysta sjálfu sér, þá eru einstaklingar að gera sér ómeðvitaðar, háleitar hugmyndir um Guð sem leiddar eru af tilfinningum, óskum og þörfum sem barn hefur varðandi föður sinn og móður.

¹⁰⁴ Sama heimild, bls. 70.

3. Feminísk guðfræði á Íslandi

Í greinasafninu *Kvennabarátta og Kristin trú*¹⁰⁵ er fjallað um fræðikonur af ólíkum fræðasviðum og hvernig kristin trú mótaði umræðu um aukin réttindi kvenna í íslensku samfélagi. Í upphafi 20. aldar urðu mikilsverðar breytingar á möguleikum kvenna hvað varðaði þátttöku í samfélaginu í kjölfar nýrra laga um menntun og embættisgengi kvenna, kosningarétt og kjörgengi. Í bókinni er sjónum beint að samspili og togstreitu gamalla kristinna gilda og nýrra hugmynda um lýðræði, þátttöku og viðurkenningu á konum sem fullgildum þjóðfélagsþegnum.

Hið íslenska kvenfélag var fyrsta félagið hér á landi sem hafði kvenréttindi á stefnuskrá sinni. Tilgangur félagsins var meðal annars að auka réttindi kvenna á Íslandi og lék félagið stórt hlutverk í kvennabaráttunni, bæði vegna aðgerða sinna en ekki síður vegna útgáfu ársritsins sem kom út á árunum 1895-1899. Árið 1895 var Ólafía Jóhannsdóttir¹⁰⁶ send á Þingvallafund þar sem hún átti að taka þátt í umræðum um kvenréttindamál, en félagið beitti sér fyrir undirskriftasöfnun um land allt til stuðnings réttindum kvenna. Í byrjun árs 1907 barðist félagið fyrir kosningarétti kvenna ásamt öðrum réttindamálum, en það kvenfélag sem sameinar hvað mest kristna trú og kvennabaráttu er Hvítabandið. Hugmyndafræði félagsins hafði mikil áhrif á íslenska kvennabaráttu og ekki síst vegna þess að félagið var hluti af alþjóðlegri hreyfingu.¹⁰⁷ Sú hreyfing sem hóf störf í Reykjavík um aldamótin 1900 er ein af þeim merkari, en hún var söfnuður Fríkirkjunnar. Mótmæli gegn þjóðkirkjunni, íhaldssemi hennar og meintu höfðingjadekri var eitt þeirra verka sem hreyfingin stóð fyrir. Tilgangur hreyfingarinnar var að „sameina krafta vora trúarlífi og kristilegu siðgæði, til eflingar safnaðarlífi voru, svo og til styrktar hverju góðu máli, sem söfnuðinn varðar [...] Að hjálpa fátækum konum, líkna sjúkum og bágstöddum manneskjum í söfnuðinum.“ Það sem var þó sérstakast við þessa hreyfingu var þátttaka hennar í baráttu og aðgerðum kvenna.¹⁰⁸

Í þessum kafla verður varpað ljósi á þrjá íslenska feminíska guðfræðinga sem hafa tekið upp þráðinn frá formæðrum feminískrar guðfræði, haldið kenningum þeirra á lofti og gefið þeim gaum í samtímanum ásamt nýjum túlkunum. Þær konur eru Auður Eir Vilhjálmisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og Sólveig Anna Bóasdóttir. Með því að skoða skrif þeirra sem

¹⁰⁵ *Kvennabarátta og kristin trú. Greinasafn*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009.

¹⁰⁶ Ólafía Jóhannsdóttir fæddist þann 22. október árið 1863. Ólafía var frumkvöðull og baráttukona kvennabaráttunnar á Íslandi. Sjá bls. 205 í bókinni *Kvennabarátta og kristin trú*.

¹⁰⁷ *Kvennabarátta og kristin trú*, bls. 131-134.

¹⁰⁸ Sama heimild, bls. 135-136.

snúa að konum er ætlunin að varpa enn betur ljósi á vandamálið sem snýr að því að kyngera Guð sem karl og hvaða áhrif og lausnir þær telja vera nauðsynlegar í nútíma samfélagi.

3.1 Auður Eir Vilhjálmsdóttir

Það er mikið verk að skrifa kvennaguðfræði. Hún er skrifuð úti um allan heiminn, við skrifborð í háskólum hjá menntuðum guðfræðingum, og við alls konar önnur vinnubrögð þar sem konur sinna störfum sínum, lesa og sauma og elda mat. Kvennaguðfræðin byrjar hjá sjálfum okkur í því sem við erum að hugsa og gera og ráðfærir sig við Guð og vinkonur hennar. Hún mótast í orð og starf sem allt þarf að reynast í lífinu og koma aftur til að endurnýjast og umbreytast. Kvennaguðfræðin er alltaf á leiðinni, tilbúin til að breytast og bætast. Það tekur langan tíma. En við höfum nógan tíma. Guð gefi okkur gleði í guðfræði okkar. Guð blessi þig.¹⁰⁹

– Auður Eir Vilhjálmsdóttir

Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir¹¹⁰ var fyrst kvenna á Íslandi að hljóta prestvígslu innan íslensku þjóðkirkjunnar, árið 1974. Auður Eir starfaði sem prestur í kvennakirkjunni sem er sjálfstæður hópur innan Þjóðkirkjunnar. Auður hefur tekið þátt í að móta kvennaguðfræðina um áratuga skeið, en að hennar sögn er kvennaguðfræðin guðfræði um lífið. Auður segir í bók sinni *Vinátta Guðs*¹¹¹ að kvennaguðfræðin fjalli um trú fólks á opinberun Guðs, um fólk og Guð, nærveru Guðs í baráttu og gleði lífsins. Það sem hún telur vera einstakt við kvennaguðfræðina er að hún er skrifuð um líf kvenna frá þeirra eigin sjónarmiði, um þeirra hugsanir og vonir, vanda og gleði og alla þá lífsreynslu sem konur vilja skrifa um. Kvennaguðfræðin er samtal kvenna við Guð sem er hjá þeim, ein af þeim, móðir þeirra, systir og vinkona.¹¹² Í kvennakirkjunni¹¹³ er talað um Guð í kvenkyni, og tekur Auður fram að einnig séu textar Biblíunnar lesnir líkt og þeir hafi verið skrifaðir til kvenna og þeir ritningartextar sem styrkja kvenímynd eru valdir.¹¹⁴

Í þessum kafla verður varpað ljósi á hugmyndir Auðar hvað varðar hlutverk kvennaguðfræðinnar, guðsmyndina og karllægt málfar um Guð. Þá verður sérstaklega rætt

¹⁰⁹ Auður Eir Vilhjálmsdóttir, *Vinátta Guðs*, bls. 16.

¹¹⁰ Séra Auður Eir fæddist í Reykjavík árið 1937. Hún lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 1956 og embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1962. Séra Auður Eir hlaut prestvígslu 29. september árið 1974, fyrst kvenna á Íslandi. Hún tók formlega við embætti 1. október og fór fyrst til þjónustu á Suðureyri í Súgandafirði.

¹¹¹ Bókin er gefin út árið 1994.

¹¹² Auður Eir Vilhjálmsdóttir, *Vinátta Guðs*, bls. 9.

¹¹³ Kvennakirkjan varð til eftir námskeið í Tómasarskólanum sem Auður Eir hélt vorið 1991. Kvennakirkjan er hópur innan þjóðkirkjunnar og var fyrsta guðsþjónustan haldin 14. febrúar 1993. Sama heimild, bls. 15.

¹¹⁴ Sama heimild, bls. 15.

hvaða áhrif hún telur það hafa á samfélag samtímans, konur og börn og síðast en ekki síst hvaða lausnir hún sér í sjónmáli.

Líkt og feminísku formæðurnar þrjár sem voru til skoðunar hér að framan telur Auður að það að aðeins sé talað um Guð í karlkyni og þær hugmyndir feðraveldisins þar sem karlar séu æðri konum, hafi mótað menningu fólks og það sjálft. Guðstalið sé augljós birtingarmynd þess ástands. Kvennaguðfræðin er nauðsyn að mati Auðar, en konur eiga það sameiginlegt að hafa verið undirokaðar í margar aldir. Konur hafi neytt sig til að taka upp ranga sjálfsmynd ásamt því að missa styrk sinn og frelsi. Kirkjan sem konur tilheyrðu boðaði þeim þessar röngu hugmyndir um aldraðir. Auður segir að kvennaguðfræðin hafi meðal annars orðið til vegna þessa, þar sem þeim finnst kirkjan ekki benda þeim á möguleika til að móta nýjar hugmyndir um sjálfar sig og lífið í kringum sig. Kvennaguðfræði er straumur í djúpri og breiðri á allrar kristinnar guðfræði og að mati Auðar þarfnast kirkjan alltaf nýrrar guðfræði þar sem kvennaguðfræðin umritar guðfræði sína í takt við samtímamann.¹¹⁵

Auður tekur fram að andstæða feðraveldisins sé feminísminn, kvenréttindastefnan, kvenfrelsið og kvennahreyfingin. Valdinu á ekki að raða upp í píramída heldur á það að dreifast á milli þeirra sem standa hlið við hlið, þar sem barist er fyrir jafnrétti allra. Feðraveldið byggir á þeim hugmyndum að karlar sé konum æðri, karlar eigi að hafa vald til að drottna, tíma til að njóta sín og sjálfsmynd sem styrkist af því að þeir séu konum æðri. Samkvæmt þessum hugmyndum þá er valdinu skipt í píramída þar sem karlarnir sitja efst og konur bera píramíðann uppi með vinnu sinni og undirgefni. Auður segir það vera mikilvægt að berjast sérstaklega fyrir velferð kvenna, þangað til konur og karlar eigi frelsið og valdið saman og fólk verði metið sem einstaklingar en ekki eftir kynferði sínu.¹¹⁶

3.1.1 Guð í kvenkyni og hin heilaga þrenning

Konur, börn, karlar, allir þarfnast þess að dregin sé upp kvenmynd Guðs að mati Auðar. Guðfræðin hefur leitað kvenmyndar Guðs, bæði í Maríu og heilögum anda og einnig víðar þar sem leitast er eftir blíðunni og mildinni sem vantaði í trúna á heilagan, réttlátan Guð sem var hátt upp hafinn konungur og dómari. Hin móðurlega mildi og umhyggja Guðs er oft látin styðja föðurmynd Guðs í guðfræðinni og telja því margir móðurmyndina óþarfa þar sem föðurmyndin sé bæði sterk og mild, Guð faðir sé fullur af kærleika. Auður telur að vegna þessa sé móðurmyndin talin minna virði en föðurmyndin og þar af leiðandi finnst fólki

¹¹⁵ Sama heimild, bls. 11-12.

¹¹⁶ Sama heimild, bls. 10.

óvirðing að kalla Guð móður. Mikilvægi kvenmyndar Guðs er sú að hún sýnir konum að þau gildi sem hafa orðið kjör þeirra, umhyggja og umönnun, eru jafn mikils verð og þau gildi sem hafa verið tileinkuð körlum og talin meira verðug.¹¹⁷

Margir listamenn hafa málað myndir af Guði þar sem Guð er gerður að valdamiklum gömlum manni með sítt skegg og stundum í konungskápu, segir Auður Eir, en hún telur það vera skurðgoðadýrkun og til þess að styðja veldi karlanna. Að hennar mati er skurðgoðadýrkun að tala einungis um Guð í mynd annars kynsins en sú hugmynd kemur einnig úr kvennaguðfræðinni. Kvennaguðfræðin talar um Guð í kvenkyni vegna þess að í Biblíunni eru margar kvenmyndir þar sem Guð talar um sig í kvenkyni.¹¹⁸

Kvennakirkjan er hópur innan þjóðkirkjunnar, en þar er talað um og við Guð í kvenkyni eins og nefnt hefur verið, en kvennakirkjan er byggð á kvennaguðfræði þar sem talað er um vináttu fólks og Guðs sem vinkonu þess. Textar Biblíunnar eru lesnir eins og þeir hafi verið skrifaðir til kvenna og valdir eru þeir ritningarkaflar sem styrkja kvenímyndina.¹¹⁹ Auður Eir telur það hafa mótað menningu fólks, og það sjálf, að tala einungis um Guð í karlkyni, en þó tekur hún fram að ekki sé heldur gott að festa Guð inni í kvenmynd sinni. Boðskapur Biblíunnar dregur bæði upp karlkyns og kvenkyns mynd af Guði, og segir Auður að fólk geti hugsað sér að Guð sé bæði kvenkyn og karlkyn og hvorki kvenkyns né karlkyns þar sem Guð er Guð, miklu mikilfenglegri en fólk fær skilið.¹²⁰

Þær karlkynsmyndir þrenningarinnar sem eru sífellt endurteknar í messum og guðfræðinni gefa að mati Auðar ákveðnar hugmyndir um að karlar séu æðri en konur og einnig telur hún að þar sem frelsarinn sé karl þá gefi það fólki hugmyndir um að karlar séu frelsarar kvenna. Orð eru áhrifamikil að sögn Auðar og boðun kirkjunnar um þrenninguna hefur mikil áhrif. Kristin guðfræði hefur skrifað trúarjátningu sem játar trú á Guð í þrefaldri karlkynsmynd; föður, syni og heilögum anda. Eitt af helstu táknum kristinnar kirkju er þrenningin og segir hún frá þremur hlutverkum Guðs; faðirinn sem skapar, sonurinn sem frelsar, heilagur andi sem helgar.¹²¹

Samkvæmt kvennaguðfræðinni þá hefur guðdóminum verið skipað í valdaröð vegna þess að karlar mótuðu guðfræðina og skipuðu sjálfum sér efst. Faðirinn varð æðstur, svo sonurinn og loks heilagur andi. Auður varpar ljósi á að hin karlmannlega guðsmynd sé sniðin eftir valdastétt feðraveldisins og að í fyrstu hafi verið talað um eina persónu þrenningarinnar,

¹¹⁷ Sama heimild, bls. 51-52.

¹¹⁸ Sama heimild, bls. 49.

¹¹⁹ Sama heimild, bls. 15.

¹²⁰ Sama heimild, bls. 49-50.

¹²¹ Sama heimild, bls. 65-66.

heilagan anda, sem kvenpersónu. *Ruah* er hebreska orðið yfir heilagan anda og er líka kvenkyns, en þessi skoðun stóð aðeins stutt í kvennaguðfræðinni þar sem að ein kvenkynsmynd við hlið tveggja karlkynsmynda yrði auðveldlega undirokuð. Auður Eir tekur fram í bók sinni hugmynd að nýju orðalagi sem kvennaguðfræðin hefur verið að móta á máli beggja kynja sem hljóðar svo: „Í nafni Guðs sem skapar, frelsar og helgar.“¹²² Að mati höfundar þessarar ritgerðar er þetta mjög góð hugmynd að nýju orðalagi fyrir blessunarorðin og hefur hún heyrst notuð í guðsþjónustu nú á dögum.

Niðurstaða Auðar er meðal annars sú að allir þarfnist þess að dregin sé upp kvenmynd Guðs en því miður sé hin móðurlega mildi og umhyggja Guðs oft látin styðja föðurmynd Guðs í guðfræðinni og því telji margir móðurmyndina óþarfa. Samkvæmt kvennaguðfræðinni þá hefur guddóminum verið skipað í valdaröð vegna þess að karlar mótuðu guðfræðina og skipuðu sjálfum sér efst. Að mati Auðar er því mikilvægi kvenmyndar Guðs það að hún sýnir konum að þau gildi sem hafi orðið kjör þeirra, umhyggja og umönnun, séu jafn mikils verð og þau gildi sem hafa verið tileinkuð körlum og talin meira verðug. Auður telur að margt þurfi að breytast til að skiljast og vera til gagns í menningu nýs tíma og er lausn hennar því meðal annars sú að skora á kirkjuna að takast á við þessar áskoranir og móta nýja guðfræði í takt við samtímann.

3.2 Arnfríður Guðmundsdóttir

Næst verða skoðuð skrif Arnfríðar Guðmundsdóttur¹²³ og ljósi varpað á þær áherslur sem hún hefur skrifað um sem snúa að áhrifum þess að kyngera orðið Guð. Arnfríður¹²⁴ vígðist til prestsþjónustu í febrúar 1987 í Garðaprestakalli og var hún áttunda konan hér á landi til að hljóta vígslu. Frá árinu 1996 hefur Arnfríður kennt við guðfræðideild Háskóla Íslands og verið prófessor frá því í október 2008.¹²⁵

Arnfríður telur það skipta máli að öllum guðfræðinemendum sé kynnt feminísk guðfræði enda sé sú áhersla mjög áberandi innan guðfræðinnar. Arnfríður segir að með feminískri sýn á guðfræði sé verið að benda á hversu karllæg hin kristna guðfræði hefur verið. Guðfræðin hefur verið einstaklega upptekin af reynsluheimi karla og litu til dæmis

¹²² Sama heimild, bls. 67-69.

¹²³ Arnfríður er fædd á Siglufirði árið 1961 og er prófessor við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands.

¹²⁴ Þess má geta að Arnfríður er fyrsta konan til að hljóta fasta stöðu við guðfræðideild Háskóla Íslands og einnig fyrsta konan hér á landi til að ljúka doktorsprófi í guðfræði, en því lauk hún frá The Lutheran School of Theology í Chicago árið 1996. Arnfríður hefur komið með feminíska áherslu á guðfræðina og hefur hún meðal annars kennt námskeið í feminískri guðfræði í guðfræðideildinni.

¹²⁵ „Arnfríður Guðmundsdóttir“, *uni.hi.is*, sótt, 2. mars 2018 af <https://uni.hi.is/agudm/um/>

guðfræðingar og heimspekingar fyrr á öldum á konuna sem vanskapaðan karl, vegna þess að karlinn var hið svokallaða viðmið og allt þar fyrir utan, þar á meðal konan, var „abnormal“. Arnfríður segir einnig að með kristinni guðfræði hafi með öðrum orðum ekki verið tekið tillit til reynsluheims kvenna eða sá heimur hafi að minnsta kosti ekki haft sama vægi og það sem karlar hafi verið að gera.¹²⁶

3.2.1 Valdamisnotkun í skjóli krossins

Fyrst verður skoðuð greinin „Krossinn og konurnar. Misnotkun valds, andóf og eftirbreytni í kristinni trúarhefð“ eftir Arnfríði þar sem hún segir frá þeirri gagnrýni sem feminístar hafa sett fram á ofbeldið sem konur hafa mátt þola af hendi karla í skjóli feðraveldisins. Sú gagnrýni hefur gegnt veigamiklu hlutverki í feminískri umræðu frá 1970. Samkvæmt lögmálum feðraveldisins eru karlar æðri konum og valdið því í höndum þeirra sterku, þeirra sem deila, drottna og ákveða hvar og hvernig því skal vera beitt. Arnfríður tekur fram að það liggi í eðli þeirra sem bera vald að misbeita valdi sínu þegar því sé ógnað. Ógnin stafar gjarnan frá þeim sem eru skilgreindir öðruvísi og hafa því konur gjarnan verið í hópi þolenda.

Á síðustu áratugum hefur feminísk guðfræði lagt mikla áherslu á hlutverk hins sögulega samhengis hvað varðar mótun guðfræðilegrar umræðu. Bent hefur verið á hvaða þýðingu það getur haft fyrir kristna trúarhefð að hún sé að mestu leyti skrifuð af körlum og undir sterkum áhrifum af gildismati feðraveldisins. Í þessari grein varpar Arnfríður ljósi á áherslu feminískrar gagnrýni á hefðbundna túlkun krossins¹²⁷ og hverju slík gagnrýni breyti fyrir skilning fólks á krossinum og túlkun hans í samtímanum. Arnfríður ræðir hvernig túlkun krossins gæti breyst ef tekið væri tillit til reynslu kvenna og þá sérstaklega reynslu þeirra kvenna sem hafa orðið fyrir barsmíðum, nauðgun eða öðru ofbeldi. Arnfríður tekur fram að krossinn hafi stundum verið notaður til að letja fólk frá því að rísa upp gegn óréttlæti sem það hefur orðið fyrir. Einstaklingar hafa verið hvattir til að umbera óréttlætið og birtingarmyndir þess að fylgja þannig í fótspor Kristis og hafa því feminískir guðfræðingar talið sérstaka ástæðu til að vara konur við krossinum og jafnvel viljað ganga svo langt að dæma krossinn úr leik sem mikilvægt trúartákn. Markmið Arnfríðar með þessari grein er að svara því hvernig hugmyndin um *Kristu* nær að túlka þennan viðsnúning á væntingum fólks sem krossinn

¹²⁶ „Kem með feminíska áherslu á guðfræðina“, *timarit.is*, 8. júlí 2003, sótt 2. mars 2018 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3474762

¹²⁷ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Krossinn og konurnar“, bls. 35. Krossinn er lykiltákn í kristinni trúarhefð. Upphaflega var krossinn aftökutæki, en var víða notaður til forna til að taka líf einstaklinga sem ógnuðu ríkjandi yfirvöldum með einhverjum hætti. Lengi var ekki til síðs að birta myndir af Kristi á krossinum af virðingu við hinn krossfesta Krist, en það breyttist eftir að kristin trú hlaut viðurkenningu valdhafanna.

opinberar og hvers vegna ofbeldislaust andóf í anda *imitation Christi* er mikilvæg afleiðing slíkrar túlkunar.¹²⁸

Arnfríður segir að myndir af krossfestri konu, Kristu, hafi oft vakið sterk viðbrögð og umræðu um hvernig megi túlka píslarsögu Krists, á meðan aðrir telji konuna á krossinum vera áhrifamikið tákni um samstöðu Guðs með þjáðum konum. Öðrum hefur síðan þótt hún vera gróf mistúlkun á því sem átti sér stað rétt fyrir utan Jerúsalem fyrir rúmum 2000 árum. Krista og myndir af Kristu hafa aðallega verið settar fram í þeim tilgangi að leggja áherslu á samlíðan Krists með konum sem orðið hafa fyrir barsmíðum, nauðgun eða annarri valdbeitingu. Arnfríður tekur fram að Krista sé dæmi um skapandi endurskoðun á túlkun og hlutverki krossins, endurskoðun sem gerir kröfu um að gagnrýni á hvers konar misnotkun krossins sé tekin alvarlega. Gengið er út frá því að þjáningin sem slík hafi ekki tilgang í sjálfri sér, þó um leið sé viðurkennt að þjáningin geti reynst óhjákvæmilegur fylgifiskur andófs gegn óréttlæti og illsku, líkt og krossfesting Krists ber vitni um.¹²⁹

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir á Kristu-myndunum þá hefur breski guðfræðingurinn og feminístinn Mary Grey, sem Arnfríður vitnar í, lagt áherslu á tvöfalt hlutverk konunnar á krossinum. Það kemur Grey ekki á óvart hversu margar konur hafa séð Kristu sem tákni um von í þjáningunni þar sem annars vegar tjái Krista samstöðu Guðs með konum í þjáningu þeirra og hins vegar hvetji það þær til að rísa upp og standa gegn ofbeldinu sem þær eru beittar. Grey telur að Kristur sem Krista frelsi ekki með því að horfa fram hjá þjáningu kvenna sem beittar eru ofbeldi eða með því að halda því fram að þjáningin hafi hjálpræðislegt gildi, heldur með því að vera til staðar og taka þannig þátt í þjáningu þeirra. Þannig gefi Kristur von og kraft til að veita viðnám og vera tákni um lækandi kærleika Guðs. Hvað varðar gildi og merkingu karlmenskunnar í túlkun á persónu og hlutverki Jesú Krists þá telur Arnfríður að Krista kalli fram nauðsynlega umræðu um gildi og merkingu krossins. Hlutverk Kristu að mati Arnfríðar er því mikilvægt í túlkun á frásögum guðspjallanna um þjáningu og dauða Krists í samtímanum þar sem ofbeldi og óréttlæti eru hluti af daglegri reynslu svo margra, og ekki síst þeirra kvenna sem eru í hlutverki þolenda vegna kynferðis síns.¹³⁰

Í annarri grein eftir Arnfríði, „Kúgunartæki eða tákni um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð“, bendir hún á þá gagnrýni sem kom fyrst frá Mary Daly í bókinni *Beyond God the Father*, þar sem Daly sakar kristna trú um að hafa um aldir alið á

¹²⁸ Sama heimild, bls. 36-37.

¹²⁹ Sama heimild, bls. 42.

¹³⁰ Sama heimild, bls. 46-47.

fórnarlambshugsunarhætti sem konur taki frekar til sín og tileinki sér fremur en karlar. Misnotkunin á krossinum hafi skaðað konur meira en karla í því samhengi að taka Krist sér til fyrirmyndar. Konur hafi frekar en karlar tileinkað sér eiginleika eins og fórnandi elsku, auðmýkt og hógværð og telur Daly myndina af Kristi, sem gengur þegjandi inn í þjáninguna, sérstaklega hættulega konum. Daly telur að konur hafi litið á það sem sitt hlutskipti að sætta sig við ofbeldi og kúgun, „í anda Krists.“ Arnfríður tekur því fram að Daly hafi talið krossinn vera í hlutverki kúgunartækis og Kristur væri bæði vonlaus fyrirmynd og ómögulegur frelsari fyrir konur.¹³¹

Vegna þeirrar þöggunar sem konur hafa verið beittar á liðnum öldum hefur ríkt breið samstaða á meðal feminískra guðfræðinga. Áhersla hefur verið lögð á túlkun á opinberun Guðs í fortíð og nútíð út frá reynslu kvenna og bent hefur verið á þá mótsögn sem ríkir á milli fagnaðarerindis Krists annars vegar og stöðu kvenna hins vegar. Arnfríður tekur fram að staða og viðhorf þeirra hafi um víða veröld oftast en ekki verið eins og spegilmynd af reynslu kvenna í samfélagi sem mótast hefur af gildum og þörfum feðraveldisins.¹³² Án upprisunnar er krossinn aðeins enn eitt dæmið um fórnarlamb illskunnar og er því mikilvægt að sögn Arnfríðar að krossinn sé aldrei slitinn úr tengslum við upprisuna og vonina um að hið góða muni sigra að lokum. Telur hún það vera mikilvægt verkefni guðfræðinnar að túlka texta og trúartákn í nýju sögulegu samhengi. Trúarhefðin er síbreytileg og túlkun krossins er þar engin undantekning.¹³³

3.2.2 Konan og syndin

Eins og þegar hefur komið fram hafa konur bæði fundið fyrir hvatningu og styrk í Biblíunni í baráttu sinni en einnig hefur Biblían verið notuð gegn þeim og má því segja að Biblían hafi ætíð gegnt tvíþættu hlutverki gagnvart konum. Arnfríður Guðmundsdóttir varpar ljósi á kynjahlutverk Biblíunnar í grein sinni „Orðið sem bindur og leysir, Biblían og kynjahlutverkin“. Biblían hefur verið áhrifamikil í lífi kvenna að sögn Arnfríðar, en þá vegna þess að hún hefur verið notuð til þess að réttlæta óbreytt ástand, bæði innan heimilisins og utan þess. Það má rekja marga til Biblíunnar, og þá til dæmis þær hugmyndir að konan sé annars flokks í samfélaginu þar sem karlinn fari með völdin og voru konur til skamms tíma

¹³¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kúgunartæki eða tákn um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica 23/2*, ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2007. bls. 133-150, hér bls. 141-142.

¹³² Arnfríður Guðmundsdóttir, „Krossinn og konurnar“, bls. 39.

¹³³ Sama heimild, bls. 53.

ekki þátttakendur í túlkun Biblíunnar líkt og karlar. Konur voru ekki með aðgang að tilskilinni menntun eða trúarlegum stofnunum sem fóru með „túlkunarréttinn“, og voru þær því útilokaðar á meðan þær höfðu ekki aðgang að menntuninni. Tekur Arnfríður fram að um vítahring hafi verið að ræða þar sem konur höfðu ekki forsendur til þess að ráðast gegn þeim hugmyndum sem settar voru fram í Biblíunni.¹³⁴

Arnfríður leitast eftir því að varpa ljósi á valdbeitingu sem hefur þrífist í skugga Biblíunnar og þrífst enn. Að mati Arnfríðar er því þörf fyrir gagnrýna endurskoðun þar sem sérstaða Biblíunnar felst í því að geyma orð sem hefur, og heldur áfram að hafa, vald til þess að „binda“ líf kvenna á bás fordóma og kynjamisréttis.¹³⁵ Arnfríður telur að það geti vafist fyrir einhverjum hvað jafnréttisumræðan hafi með biblíuþýðingar að gera, en hún varpar ljósi á jafnréttisumræðuna í grein sinni, „Hvers kyns Biblía? – jafnréttisumræðan og biblíuþýðingin“. Hún tekur fram að jafnréttisbarátta liðinna áratuga hafi einskorðast við kröfuna um aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaðnum, fleiri leikskóla, sömu laun fyrir sömu vinnu eða aðrar félagslegar umbætur og hafi jafnréttisumræðan beinst að tungutakinu og „karlmiðlægni“ þess. Arnfríður telur það vera ljóst að á meðan textar Biblíunnar gegni lykilhlutverki í starfi og boðun kirkjunnar, verði markmiðinu ekki náð nema málfar Biblíunnar fylgi með.¹³⁶

Í gegnum tíðina hefur verið lenska innan kristinnar trúarhefðar að eigna Guði lýsingarorð sem einnig hafa verið eignuð karlkyninu. Um er að ræða lýsingarorð eins og *styrkur*, *viska* og *áreiðanleiki*. Ef við skoðum síðan andstæð hugtök þá verða þau af sjálfu sér lýsandi um kvenkynið, þetta eru hugtök eins og *veikleiki*, *vanþekking* og *óákveðni*. Með þessu er sjálfkrafa búið að færa kvenkynið skör neðar en karlkynið.¹³⁷ Arnfríður bendir á í grein sinni „Hvers kyns Biblía?“ að mikið sé um kynjaða texta í Biblíunni. Víkur hún einnig að orðinu maður og notkun þess í daglegu tali og tekur hún fram að talað sé um að eitthvað sé mannlegt með tilvísun til beggja kynja. Hægt er að finna mörg dæmi þar sem konur þurfa að spyrja sig hvort orðið maður vísi til þeirra, eða hvort konur þurfi einfaldlega að spyrja sig að því hvort þær séu menn eða ekki, og dregur Arnfríður í efa að karlar lendi oft í slíkri stöðu.¹³⁸

Í grein Arnfríðar „Orðið sem bindur og leysir“ varpar hún ljósi á feminískar túlkanir bandaríska gamlatestamentisfræðingsins Phyllis Trible á fyrstu köflum 1. Mósebókar.

¹³⁴ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Orðið sem bindur og leysir“, bls. 11-12.

¹³⁵ Sama heimild, bls. 24.

¹³⁶ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Hvers kyns Biblía? Jafnréttisumræðan og Biblíuþýðingin.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica 16*, ritstj. Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2002. bls. 67-82, hér bls. 67.

¹³⁷ Marjorie Hewitt Suchocki, „The Idea of God in Feminist Philosophy“, bls. 58.

¹³⁸ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Hvers kyns Biblía?“, bls. 74-75.

Rannsóknir og kenningar Tribble hvað varðar boðskap og túlkun Gamla testamentisins mörkuðu þáttaskil innan túlkunarhefðarinnar. Rannsóknirnar hafa einnig haft mikil áhrif á þróun feminískrar guðfræði síðustu áratugina. Markmið Tribble er að nota boðskap fyrri sköpunarsögunnar um mynd guðs, konunnar og karlsins til þess að leiðrétta þá kynjaslagsíðu sem víða er að finna í Gamla testamentinu. Í bókinni *God and the Rhetoric of Sexuality* frá 1978 fjallar Tribble um kynjað málfar og boðskap Gamla testamentisins, en markmið hennar með bókinni er tvíþætt. Tribble vill rökstyðja af hverju einhliða karlmyndir af Guði eru í andstöðu við guðsmynd fyrri sköpunarsögunnar. Einnig vill hún sýna fram á hvernig jafnrétti kynjanna liggur til grundvallar sköpun manneskjunnar og öll viðleitni til að réttlæta kynjamisréttið sé í andstöðu við vilja Guðs. Arnfríður tekur fram að Tribble gangi út frá því að kynin verði ekki til fyrr en Guð skapi konuna úr rífi mannsins, sem við þessa aðgerð verði karlmaður. Tribble telur því að maðurinn hafi ekki verið karlmaður fyrr en konan varð til, en fram að því hafi maðurinn verið ein sköpun, manneskja eða jarðlingur (e. earth-creature) þar sem manneskjan sé búin til af leir jarðar. Sköpun konunnar megi af þessum sökum frekar flokkast sem hápunktur sköpunarverksins frekar en annað að mati Tribble.¹³⁹

Líkt og áður kom fram hjá feminísku guðfræðingunum Ruether og Fiorenza þá eru niðurstaða Arnfríðar meðal annars sú að Biblían hafi verið áhrifamikil í lífi kvenna en þá vegna þess að hún hafi verið notuð til þess að réttlæta óbreytt ástand, bæði innan heimilisins og utan þess. Ljóst sé að á meðan textar Biblíunnar gegni lykilhlutverki í starfi og boðun kirkjunnar, verði markmiðinu ekki náð nema málfar Biblíunnar fylgi með þar sem valdbeiting sem hafi þrífist í skugga Biblíunnar og þrífist enn, taki enda.

3.3 Sólveig Anna Bóasdóttir

Síðust þeirra þriggja guðfræðinga sem hér verður rætt um er Sólveig Anna Bóasdóttir.¹⁴⁰ Sólveig er prófessor í guðfræðilegri siðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, en hún hóf störf við deildina árið 2008. Sólveig Anna lauk doktorsprófi frá guðfræðideild Uppsalaháskóla árið 1998 með ritgerðinni *Violence, Power, and Justice. A Feminist Contribution to Christian Sexual Ethics*. Rannsóknir Sólveigar¹⁴¹ eru á sviði kynlífssiðfræði, kristinnar siðfræði og feminískrar siðfræði, en efni doktorsritgerðarinnar gaf

¹³⁹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Orðið sem bindur og leysir“, bls. 21-23.

¹⁴⁰ Sólveig Anna er fædd 19. apríl árið 1958.

¹⁴¹ Doktorsrannsókn Sólveigar var á sviði siðfræði kynverundar (sexual ethics) og síðari rannsóknir hennar einnig. Á árunum 2003-2008 snerust rannsóknir Sólveigar að veigamiklu leyti um hjónaband samkynhneigðra og réttlætingu þess meðal kristinna kirkna. Bókin *Ást, kynlíf og hjónaband* kom út árið 2008, bókin var afrakstur rannsókna 5 ára þar á undan og verður hún einnig notuð til stuðnings í þessum kafla.

vísbendingu um komandi rannsóknir sem hafa einkum verið á sviði ofbeldis gegn konum og börnum, kenninga um vald og kenninga um réttlæti, ekki síst úr röðum feminískra fræðimanna.

Feminískar rannsóknir hafa frá upphafi beint sjónum að ofbeldi í garð kvenna. Upplifun og afleiðingar kvenna eftir ofbeldi eru taldar gríðarlega alvarlegar og má telja mikilvægt að varpa ljósi á hvað veldur og hvernig það fær að viðgangast í samfélaginu. Í þessum kafla verður sjónum beint að rannsóknum Sólveigar Önnu sem snúa að valdbeitingu karla, ofbeldi og kynjamisrétti. Einnig verður skoðað hversu mörg kyn eru samþykkt innan vestrænnar menningar en sú skoðun færir umræðuna inn á svið siðfræði og hinseginfræða.

3.3.1 Áhrifin

Vert er að skoða áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl með hjálp greinarinnar „Kærleikur og líknsemi“ en þar varpar Sólveig Anna ljósi á vandamálið með guðfræðilegri og siðfræðilegri greiningu á skrifum tveggja þekktara samtíðarguðfræðinga, þeirra Marie M. Fortune og Wendy Farley. Greinin fjallar um samband guðfræði, predikunar, guðsmyndar og sjálfsmýndar kristinna kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Fortune og Farley eru báðar þekktir fulltrúar nýsköpunar á sviði trúfræði og siðfræði. Guðfræði þeirra beggja einkennist af reynslu kvenna og annarrar þeirra af ofbeldi í nánnum samböndum. Báðar telja mikilvægt að nálgast hugmyndina um almætti Guðs hvað varðar kristna guðfræði á gagnrýninn hátt og leggja það tal á vogarskálar þar sem mannleg reynsla fær jafnframt að koma til tals. Markmið greinar Sólveigar er að hugleiða hvaða áhrif reynsla og þekking á afleiðingum ofbeldis geti haft á guðfræðilegar hugmyndir um vald Guðs.¹⁴²

Fortune bendir á að þær konur sem hafi orðið fyrir ofbeldi telji sig oft skilja æðri merkingu þjáningar sinnar, eða orsök hennar, og reyni því oft að sættast við það sem gerðist. Telur hún það vera skilning þeirra á guðdómnum og manneskjunni, sem mótast hafi í trúarlegu og kristnu samhengi sem geri það að verkum að skilja orsök ofbeldisins á þennan hátt. Það er því mikilvægt að hennar mati að skilja að manneskjur sem beri upp spurningar um æðri merkingu, séu að reyna að endurheimta tókin á lífi sínu. Nauðsynlegt sé að mæta slíkum einstaklingum með útbreiddan faðminn, en á forsendum annars konar guðsskilnings

¹⁴² Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kærleikur og líknsemi. Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs í ofbeldissamhengi“ (Love and Compassion. Theological and ethical reflections on God's power in the context of violence), *Ritroð Guðfræðistofnunar, Studia Theologica Islandica*, 1/2014, bls. 84-96, hér bls. 84. <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/index>

og annars konar mannskilnings, ef hægt eigi að vera að hjálpa þeim. Fortune bendir á að mannskilningur þurfi að haldast í hendur við þann skilning á Guði að Guð hinna kristnu sé alls ekki sá sem refsir og hegna börnum sínum fyrir óhlýðni og syndir með ofbeldi. Guð komi ekki nálægt gjörðum ofbeldismanna og beiti ekki hinu illa til að ná fram hinu góða.¹⁴³ Guð Nýja testamentisins getur ekki valdið óréttlæti og þjáningu að hennar mati. Þvert á móti sé Guð uppspretta réttlátrar reiði í garð þess félagslega umhverfis og fólks sem valdi meðbræðrum sínum og systur þjáningu, en jafnframt uppspretta samlíðunar og miskunnsemi í garð þeirra sem þjást. Orsök rangrar og jafnvel hættulegrar guðsmyndar innan kristinnar boðunar rekur Fortune til hefðbundinnar túlkunar á eiginleikum Guðs, sérstaklega útleggunga á eiginleikunum almætti og gæsku sem hafa verið ranglega tengdir við hina tilvistarlegu spurningu um merkingu þjáningarinnar.¹⁴⁴

Við þekkjum kærleikann, sem Guð hefur á okkur,
og trúum á hann.
Guð er kærleikur og sá sem er stöðugur í
kærleikanum er stöðugur í honum. (1Jóh 4.16).

Guðsmyndin er margslungin að mati Fortune. Guð sé ekki aðeins algóður og kærleiksrikur faðir heldur einnig strangur dómari sem ekki sé auðvelt að gera til geðs. Við skoðun á kristinni túlkun og boðun þá á líf hins trúaða að ganga út á að reyna að líkjast Guði og gera hið góða. Mannskilningur á kristni er oft bölsýnn á getu mannsins til að gera hið góða og því stundum vonlaust að reyna að fylgja því stöðugt eftir. Þolendur kynferðisofbeldis og heimilisofbeldis hafa því oft mjög veika sjálfsmynd og upplifa sig fyrst og fremst sem ófullkomnar manneskjur og syndara sem fátt geti gert rétt og eigi auk þess fátt gott skilið. Þolandinn beinir því sjónum inn á við og upp á við, í leit að skýringu á ofbeldinu. Fortune ályktar að þegar trúað fólk, fullorðnir jafnt sem börn, verði þolendur ofbeldis, leiti það að orsök þess ýmist hjá sjálfu sér eða hjá Guði sem að þeirra mati hafi neyðst til að hegna því fyrir vonda breytni. Þolendur beina því ásökunum á sjálfa sig fyrir að hafa syndgað gegn Guði frekar en að beina þeim að gerandanum og finna síðan réttlætingu þess að Guð verði að hegna þeim. Sumir þolendur leita aftur í barnæsku sína að atvikum þegar þeim varð á, og telja að fyrir slíkt refsir Guð manni greinilega síðar. Með þessari guðsmynd telur Fortune að

¹⁴³ Sama heimild, bls. 90-91.

¹⁴⁴ Sama heimild, bls. 88-89.

margir þolendur hrekist frá Guði og guðstrú og verður því hugmyndin um almætti Guðs hreint út sagt að skelfilegum veruleika.¹⁴⁵

Margir þolendur reyna að finna ofbeldinu skýringu og í grein Sólveigar tekur hún fram að Fortune telji að í allflestum tilvikum gefi kristnar konur sér það að Guð, sem öllu ráði og sé jafnframt algóður, sé á bak við ofbeldið, með einhverjum óskiljanlegum hætti. Sumar tala um að ofbeldið sé til þess að þroska þær á meðan aðrar telja að tilgangurinn hljóti að vera sá að þær verði sterkari sem manneskjur ef þær láti ekki bugast. Aðrar telja jafnvel að Guð sé að reyna að styrkja þær í trúnni en kjarninn er alltaf sá sami: Ef hægt er að finna ofbeldinu æðri merkingu, þá er þjáning þeirra réttlæt看leg og um leið skiljanlegri.¹⁴⁶

Guð skapaði manninn með frjálsan vilja og verður illska meðal manna til þegar manneskjur velja hið illa frekar en hið góða. Langoftast er þjáning fólks vegna ofbeldis sem á sér manngerða orsök. Í grein Sólveigar Önnu varpar hún ljósi á að Fortune telur það vera *synd* mannsins sem orsaki mest af því böli sem fyrirfinnst í heiminum þar sem Guð hafi gefið mönnunum frjálsan vilja og grípi því ekki fram fyrir hendur þeirra þegar þeir velji að nota frelsi sitt á illan hátt. Fólk þjáist vegna óréttlátrar breytni, annað hvort sinnar eigin eða annarra og það sé orsök rangrar og jafnvel hættulegrar guðsmyndar innan kristinnar boðunar. Fortune rekur það til hefðbundinnar túlkunar á eiginleikum Guðs, sérstaklega útlekkinga á eiginleikunum almætti og gæsku sem hafa verið ranglega tengdir við hina tilvistarlegu spurningu um merkingu þjáningarinnar.¹⁴⁷ Fortune heldur fram að þörf sé á mannskilningi sem helst í hendur við þann skilning á Guði að Guð hinna kristnu sé alls ekki slíkur að hann refsir og hegri börnum sínum fyrir óhlýðni og syndir með ofbeldi. Guð komi ekki nálægt gerðum ofbeldismanna, það sé kominn tími til þess að kalla hina raunverulegu gerendur ofbeldisins til ábyrgðar hér og nú og leita réttlætis fyrir þolendur. Gagnlegast sé ef þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi sé hjálpað. Mikilvægt er að krefja ofbeldismennina um ábyrgð og samfélagið um réttlæti. Farley dregur alls ekki úr þeim hryllilegu afleiðingum sem ofbeldið í samfélögum manna hefur á bæði líkama og sálir þeirra einstaklinga sem verða fyrir því. Þar vísar hún sérstaklega til reynslu kvenna sem er nauðgað eða verða fyrir heimilisofbeldi og lýsir reynslu þeirra sem svo að með ofbeldinu sé guðsmynd þeirra líkt og tekin frá þeim, því þær upplifi sig ekki lengur sem sköpun Guðs. Ofbeldið hafi slíkan ægikraft að það megni að eyðileggja þær, tortíma bæði líkama þeirra og sál.¹⁴⁸

¹⁴⁵ Sama heimild, bls. 86-87.

¹⁴⁶ Sama heimild, bls. 86.

¹⁴⁷ Sama heimild, bls. 86.

¹⁴⁸ Sama heimild, bls. 93-95.

Niðurstaða þessa hluta er meðal annars sú að orsök rangrar og jafnvel hættulegrar guðsmyndar innan kristinnar boðunar megi rekja til hefðbundinnar túlkunar á eiginleikum Guðs. Þegar trúað fólk, fullorðnir jafnt sem börn, verða þolendur ofbeldis, leitar það að orsök þess, ýmist hjá sjálfu sér eða hjá Guði, sem að þeirra mati hefur neyðst til að hegna því fyrir vonda breytni. Þolendur beina því ásökunum á sjálfan sig fyrir að hafa syndgað gegn Guði frekar en að beina því að gerandanum og finna síðan réttlætingu þess að Guð verði að hegna þeim. Þetta er stórskadlegt fyrir þolendur og mikilvægt er því að krefja ofbeldismennina um ábyrgð og samfélagið um réttlæti.

3.3.3 Kyn og vald

Í þessum hluta verður áfram rýnt í greinina „Kærleikur og líknsemi“ auk bókarinnar *Ást, kynlíf og hjónaband*, en bæði verkin eru eftir Sólveigu. Í greininni „Kærleikur og líknsemi“ tekur Sólveig fram að hún telji það ekki vera erfitt að skilja að manneskjur sem orðið hafi fyrir ofbeldi, hvort sem um sé að ræða heimilisofbeldi eða kynferðisofbeldi, upplifi sig vanmáttugar, slegnar til jarðar, særðar og yfirgefnar. Sólveig Anna vitnar í guðfræðinginn Wendy Farley en hún telur það vera mikilvægt að tjá þann skilning að Guð sé ætíð með manneskjunnari í þjáningu hennar, líkt og foreldri sem hjúkran sjúku barni sínu og fer aldrei frá því, vegna þess að Guð er kærleikur sem læknar og líknar, endurreisir og græðir hina særðu og niðurlægðu. Einnig telur hún að guðfræðinni beri að snúast gegn ofbeldi í samfélögum manna, einkum því sem beinist að konum og börnum, horfast óhrædd í augu við það og átta sig á að það sem við er að eiga er hrein og klár illska.¹⁴⁹

Farley leggur áherslu á að guðfræðingar taki þátt í gagnrýnu samtali um ofbeldið og skelfilegar afleiðingar þess í samfélaginu. Einnig bendir hún á að eitt mikilvægasta framlag guðfræðinga í því sambandi felist í að vinna á gagnrýninn hátt með klassískar friðþægingarkenningar kristinnar þar sem guðvarnarvandamálið sé miðlægt. Farley telur að óbreytt túlkun guðfræðinnar á eiginleikum Guðs, eins og almætti hans, muni alltaf verða hægt að nota til að styðja við ofbeldi og kúgun í samfélaginu og verði því ný guðfræði að fá að heyrast.¹⁵⁰

Bæði gagnrýnin og skapandi kristin guðfræði verður að eiga sér grundvöll í biblíulegum frásögnum að mati Farley. Einnig telur hún að guðsmyndina verði að sækja í Biblíuna, ásamt því að leita til hugsjóna Nýja testamentisins um guðsríkið sem endurnýjandi

¹⁴⁹ Sama heimild, bls. 92.

¹⁵⁰ Sama heimild, bls. 93.

kraft. Allt kristið fólk þarf að hafa þor til að treysta frásögnum Nýja testamentisins þar sem Jesús er miðdepill alls, en ekki síst þurfa fórnarlömb ofbeldis að þora að treysta þeim. Kirkjan kemur hér inn í myndina og fórnarlömb ofbeldis verða að fá að heyra af valdi Guðs sem vægð, líknsemi og kærleika, í merkingunni að Guð hjálpi, græði, lækni og gefi manneskjunni kraft í þjáningum hennar. Það er ekki einungis skylda að boða slíka guðsmynd heldur er það jafnframt köllun kirkjunnar, enda á kirkjan að vera hinn miskunnsami, kærleiksríki Samverji öllum þeim sem til hennar leita. Sólveig Anna tekur fram í grein sinni að guðfræðilegur boðskapur Farley sé að vald Guðs sem líknsemi sé vægðarvald sem frelsar, endurleysir, reisir upp og tendar allt sem hefur verið eyðilagt, úþurrkað og deytt. Guðs líkn yfirgefði aldrei manneskjuna heldur sé alltaf nálæg og nálægust sé hún í mestu niðurlægingu sem hugsast getur.¹⁵¹

Í bók Sólveigar Önnu, *Ást, kynlíf og hjónaband*, bendir hún á að feminístar hafi fyrst vakið athygli á ofbeldi karla gegn eiginkonum á sjöunda áratugnum. Í kjölfarið hafi risið upp hreyfing með það markmið að styðja og aðstoða konur sem þurftu að flýja heimili sín vegna ofbeldis. Hreyfingin kom á fót athvörfum fyrir þolendur heimilisofbeldis, konur og börn, víða um hinn vestræna heim. Sólveig Anna bendir á að enginn hafi gert sér grein fyrir alvarleika vandamálsins og hversu útbreitt það væri en síðari tíma rannsóknir hafi leitt í ljós að líf milljóna kvenna og barna markist af ótta og kvíða vegna ofbeldis eiginmanna og feðra.

Sólveig Anna varpar ljósi á fjölda rannsókna í bók sinni og segir þar að rannsókn frá Kanada sem var gefin út árið 1993 sýni að þrjár af hverjum 10 giftum konum, sem og þeim sem eru fráskildar, hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu eiginmanns einu sinni eða oftár á lífsleiðinni og í um 40% tilvika hafi börn orðið vitni að ofbeldinu. Einnig kemur fram að í íslenskri rannsókn frá 1996 sögðust 1000-1100 íslenskar konur á aldrinum 18-65 ára hafa verið beittar ofbeldi af hálfu maka eða þáverandi sambýlismanns á árinu 1995. Miðað við þessar tölur þá eru um 1,3% íslenskra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi þetta ár. Sólveig Anna telur það vera nokkuð ljóst að ofbeldi gegn eiginkonum sé ekki nýtt vandamál. Feminístar benda á að ofbeldi karla gegn konum eigi sér stað í menningu þar sem afþreying snúist að verulegu leyti um ofbeldi, menningu sem jafnframt dýrki ofbeldi sem lausn raunverulegra vandamála. Hið nýja sem gerðist með hreyfingu feminísta var að ofbeldið var dregið fram í dagsljósið og haldið fram að hér væri vandamál sem varðaði samfélag, menningu, vísindi og trú.¹⁵²

¹⁵¹ Sama heimild, bls. 95.

¹⁵² Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, Reykjavík: Salka, 2008, bls. 37-38.

Sólveig Anna bendir á í bók sinni að feminístar telji að feðraveldið styðji félagslegt hlutverk, tengsl og stofnanir sem gera vald karla yfir konum mögulegt, eðlilegt og siðferðilega réttlætunlegt og að kjarni feðraveldisins sé blanda af trú á vald og yfirráð karla, hlutgervingu kvenna auk félagslegs og efnahagslegs kerfis sem neyði konur til að vera upp á karla komnar. Þetta gefur ofbeldismönnum möguleika til að beita líkamlegu ofbeldi án nokkurra teljandi afleiðinga af samfélagsins hálfu. Sólveig telur að með þessu megi að verulegu leyti útskýra af hverju konur og börn séu algengustu fórnarlömbin.¹⁵³

Gyðingleg og kristin trúarhefð hefur átt sinn þátt í þróun viðhorfa til kvenna þótt deila megi um hvort kvenfjandsemi sé órjúfanlegur þáttur þessarar hefðar, á meðan hefðbundin lúthersk-kristin siðfræði hefur ekki sýnt áhuga á að rannsaka ofbeldi karla gegn eiginkonum. Sólveig Anna telur að líklega sé helsta skýringin trúarleg íhaldssemi, en fræðimennska hinnar lúthersk-kristnu siðfræði hefur lítið breyst síðustu 100 ár. Hún tekur einnig fram að þess megi geta að þær siðferðilegu kröfur sem Kristur geri séu taldar gjörólíkar þeim kröfum sem settar eru fram í öðrum siðfræðikenningum, og séu því ekki neinar samsvaranir milli kristinnar siðfræði og þeirrar sem boðuð er í öðrum lífsskoðunum og trúarbrögðum. Á meðan lúthersk-kristin siðfræði felst í því að ganga út frá sögulegum textum, helst eftir Lúther, og undirstrika hið einstaka inntak kristindómsins þá tengist kristin siðfræði venjulegri mannlegri reynslu, innan sem utan kristinnar hefðar. Hefðin byggist því á viðmiðum og gildum sem snúa að Biblíunni, kristinni hefð og kristinni reynslu og telur Sólveig þetta þó ekki þýða að kristin siðfræði sé gjörólík framsetningu heimspekinga og siðfræðinga úr öðrum hefðum heldur sé inntak kristinnar siðfræði í samræmi við inntak annarra hefða. Kærleiksboðskapur Krists getur þó dýpkað skilning fólks á siðferðilegum álitamálum.¹⁵⁴ Siðfræði hefur verið fræðigreinin á vettvangi karlmanna lengst af, en á síðustu áratugum hafa konur þó orðið sýnilegri innan greinarinnar. Margir kvensiðfræðingar hafa kosið að vinna með feminískar kenningar, þróað á þann hátt ný sjónarhorn sem og guðfræðilíkön og þannig afhjúpað einhliða karlasjónarmið innan siðfræðinnar. Einnig hafa þær gagnrýnt hefðbundna siðfræði fyrir kynjablindu og sett fram margar nýjar spurningar innan siðfræðinnar.¹⁵⁵

Eftir að hafa lesið niðurstöður þeirra rannsókna sem Sólveig Anna varpar ljósi á, þá má taka undir með henni að það séu miklar líkur á því að feðraveldið sem hugmyndafræðilegt kerfi og viðmið styðji félagslegt hlutverk, tengsl og stofnanir sem gera vald karla yfir konum mögulegt, eðlilegt og siðferðilega réttlætunlegt. Kjarni feðraveldisins sé síðan mjög líklega

¹⁵³ Sama heimild, bls. 39.

¹⁵⁴ Sama heimild, bls. 41.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls. 41-42.

blanda af trú á vald og yfirráð karla, hlutgervingu kvenna, félagslegt og efnahagslegt kerfi sem neyði konur til að vera upp á karla komnar. Reynsla kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi getur brotist út á þann hátt að þær upplifa að guðsmyndin sé tekin frá þeim, því þær upplifa sig ekki lengur sem sköpun guðs. Ofbeldið eyðileggur þær og tortímir bæði líkama þeirra og sál og er því talið mjög mikilvægt að guðfræðingar samtímans leggi áherslu á það að taka þátt í gagnrýnu samtali um ofbeldið og ný guðfræði þurfi að hljóma. Samkvæmt Farley er því nauðsynlegt að sækja guðsmyndina í Nýja testamentið, ásamt því að leita til hugsjóna þess um guðsríkið sem endurnýjandi kraft þar sem Guð hjálpar, græðir, lækna og gefur manneskjunni kraft í þjáningum hennar.

3.3.4 Er eitt kyn nóg? Hversu mörg kyn eru?

Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd.
Hann skapaði hann eftir Guðs mynd.
Hann skapaði þau karl og konu. (1Mós 1.27).

Samkvæmt fyrstu Mósebók í sköpunarstefinu má segja að í grunninn sé sú hugmynd að um tvö kyn sé að ræða, karl og konu. Vert er að varpa ljósi á hvernig staðan varðandi kynin er stödd í samtímanum og verður áfram stuðst við skrif Sólveigar Önnu, ásamt því að nota bókina *God, Sex and Gender* eftir Adrian Thatcher. Leitast er eftir því að komast nær þeirri skýringu af hverju karlkynið er æðra kvenkyninu og hver staðan er nú á dögum þegar kynin eru hugsanlega fleiri, hver raunverulega spurningin er og hvert vandamálið færast þegar kemur að því að kyngera Guð, þegar fleiri kyn en kona og karl hafa bæst við.

Skilningur og hugsanir varðandi kynferði og kyn hefur breyst mikið í gegnum tíðina. Kvinnahreyfingar hafa barist fyrir því að fá sömu réttindi og sömu virðingu og karlar. Kirkjan hefur gefið sig út fyrir að samþykkja að um tvö kyn sé að ræða, eins og Guð skapaði þau, karl og konu. Æðri hluti kristinnar sögu var þó á þann veg að það hefði engum dottið í hug að tvö greinileg kyn væru til staðar. Thatcher ræðir í bók sinni *God, Sex and Gender*, að hugmyndin um aðeins eitt kyn í stað tveggja hafi komið upp á meðal Forn-Grikkja, Rómverja, gyðinga og kristinna. Þetta kyn var kallað „maður.“ Thatcher telur að hægt sé að sjá greinileg sönnunargögn í sálum kristinna hvað varðar kenninguna um þetta eina kyn sem er karlmaður, og veltir hann fyrir sér hvað „eitt kyn“ þýði. Hann telur að munurinn á konu og karli í þeirra skilningi hafi verið sá að konurnar héldu kynfærum sínum inn í líkama sínum á meðan karlar báru þau utan frá. Konur hafi verið með typpi, en það sneri inn á við. Útskýring þeirra á því af hverju konur vildu einnig kynlíf var sú að þær væru með eistu, en í

dag með eðlilegum skilningi veit fólk að eistu kvenna eru eggjastokkar þeirra. Tilgangur kynlífs var aðeins til þess að fjölga sér og var fullnæging kvenna því algjör óþarfi í kynlífi og einnig talin óæskileg og vert að forðast. Karlmanninum, með félagslega og líffræðilega yfirburði, var ætlað að æfa sjálfstjórn á líkama sínum. Afrek sem slík voru erfiðari og jafnvel talin ógerleg fyrir konur þar sem hegðun þeirra og langanir kröfðust stöðugs eftirlits karla. Það var svo niðrandi að vera kona að óttast var að ef karlmenn myndu stunda kynlíf með öðrum karlmönnum ættu þeir á hættu að verða kvenlegir og voru konur einungis notaðar fyrir karlana til þess að setja sæðið inn.¹⁵⁶

Í greininni „Eitt, tvö, þrjú kyn - Þverfræðilegar hugleiðingar um óljóst kyn og óvenjulega líkama“ varpar Sólveig Anna ljósi á hugtakið *intersex* sem á upptök sín í læknisfræðilegu samhengi og vísar til þess þegar ytri kynfæri eru óvenjuleg útlits eða gefa ekki skýr merki um hvort um karl- eða kvenkyns einstakling er að ræða.¹⁵⁷ Þar til á 19. öld voru lögfræðingar og dómarar „aðal gerðarmenn kynferðislegar stöðu.“ Þegar efi var um kyn eftir fæðingu ákváðu þeir hvort barn væri stelpa eða strákur í samráði við lækna og presta ef þörf var á. Það var svo í kring um 1930 sem læknaþróuðu aðra leið í málinu, með skurðaðgerðum og hormónaefferðum.¹⁵⁸

Þýskaland var fyrst Evrópulanda til að viðurkenna þriðja kynið með lögum, en það var árið 2013. Sólveig Anna vitnar í sálfræðinginn og barnalækninn John Money í grein sinni, en hann gefur út leiðbeiningar um hvernig bregðast beri við intersex-tilvikum og ganga Johns Money og samstarfsfélagar hans út frá þeirri forsendu að nýfædd börn séu sem óskrifað blað við fæðingu og kynvitund þeirra mótanleg fram að 18-24 mánaða aldri. Samkvæmt þýskum lögum þá er leyfilegt að láta það ógert að flokka kynferði barns við fæðingu ef lækna telja óljóst um hvort kynið sé að ræða, og þurfa þá foreldrar í slíkum tilvikum ekki að taka ákvörðun. Nú má setja stafinn X í fæðingarvottorðið í stað M fyrir karlkyn og F fyrir kvenkyn, sem merkir það að einstaklingurinn tilheyri svokölluðu þriðja kyni. Intersex-einstaklingur má samkvæmt lögum taka ákvörðun, þegar aldur og þroski leyfa, um hvoru kyninu viðkomandi vill tilheyra. Sólveig Anna tekur fram að það sé þó óljóst hvort þýsk lög telji intersex-einstakling geta valið að lifa án kynferðisflokkunar út lífið, það er hvort þriðja kyn geti gilt allt lífið eða aðeins um stundarsakir. Túlkendur laganna víða um heim ná ekki samkomulagi hvað þetta varðar og hafa þýsku lögin því fengið bæði gagnrýni fyrir að vera

¹⁵⁶Adrian Thatcher, *God, Sex and Gender-An Introduction*, A John Wiley og Sons, Ltd: Wiley-Blackwell Publishing, 2011, bls. 6-10.

¹⁵⁷ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Eitt, tvö, þrjú kyn: Þverfræðilegar hugleiðingar um óljóst kyn og óvenjulega líkama“ (One, two, three sexes: Multidisciplinary reflections on ambiguous sex and unusual bodies), *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar* 2/2014, bls. 7-30, hér, bls. 8.

¹⁵⁸ Sama heimild, bls. 12-13.

óljós og ekki eins framsækin og leit út fyrir að vera en á sama tíma hafa þó fleiri fagnað lögnum og túlkað þau svo að intersex-einstaklingar hafi öðlast rétt til að velja þriðja kyn til frambúðar. Þýsku löggin eru því fyrsta skrefið í Evrópu í átt að auknum mannréttindum intersex-hópsins og hafa því þýsk yfirvöld verið hvött til að taka af skarið og taka ákvörðun um hvort leyfilegt sé fyrir intersex-einstakling að lifa án kynferðisflokkunar allt sitt líf.¹⁵⁹

Í sköpunarsögunni kemur glögg fram tengingin á milli hins góða lífs, barneigna og gagnkynhneigðar og telur Sólveig Anna að vestræn menning sé mettuð af þessari hugmynd um tvö gagnstæð kyn, karl og konu, vegna þessa. Kynferðisflokkun er menningarbundið athæfi og útlit kynfæra gefur langt frá því alltaf skýra vísbendingu um hvers kyns manneskjan er. Varpar Sólveig ljósi á þær spurningar sem vakna í kjölfarið af því; Hvers vegna er kynferðisflokkun svo mikilvæg? Eru kynin endilega bara tvö? Þolir vestræn menning margbreytileika á sviði kynja líkt og þekkist í austrænni menningu? Sólveig Anna telur að eðlilegt líf og farsælt líf hafi tengsl í vestrænni menningu og að möguleikarnir á sviði kynjahugmynda séu fleiri en margan grunar. Menningarbundnar skorður eru trúlega fyrst og fremst það sem hamlar hugmyndum fólks að mati Sólveigar og telur hún að tími sé kominn til þess að bera gamlar aðferðir saman við annan kynjaskilning annara menningarheilda og vinna að því að gera vestræna menningu hæfari til að takast á við margbreytileika á sviði líkama og kynfæra.¹⁶⁰

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 7-10.

¹⁶⁰ Sama heimild, bls. 26-28.

Niðurstöður

Þær spurningar sem lagðar voru fram í upphafi verkefnisins voru eftirfarandi: „Hver eru áhrif þess að kyngera orðið Guð? Hvað er hægt að gera til þess að móta jákvæðari guðsmynd?“

Í gegnum þessa ritgerð hafa verið ræddar túlkanir og áherslur þriggja áhrifamikilla kvenna sem kalla má formæður feminískrar guðfræði. Einnig hefur guðsmyndin verið skoðuð og hvernig hún hefur mótast fyrir samfélagið og börn með bæði föður- og móðurmynd sem áherslur, og í hvaða kyni Guð birtist börnum í fræðslu kirkjunnar. Skrif íslenskra feminískra guðfræðinga sem hafa tekið upp þráðinn og haldið honum á lofti með nýjum áherslum og túlkunum í takt við samtímamann hafa verið skoðuð ásamt því að varpa ljósi á hversu mörg kyn eru til staðar í dag og hversu mörg kyn voru talin vera í upphafi.

Guðfræðingarnir sem kosið var að skoða í fyrri hluta verkefnisins voru þær Mary Daly, Rosemary Ruether Radford og Elisabeth Schüssler Fiorenza. Viðhorf og áherslur þessara klassísku kvennaguðfræðinga hvað varðar óréttlæti gagnvart konum, karlmiðaða kristna hefð og áhrif þessara þátta á samfélagið, konur og börn, eru í rótina þær að grunn hugmyndafræði kristninnar og öll mannkynssaga gyðing-kristinnar hefðar sé lituð af valdniðslu karlmanna gagnvart kvenmönnum. Samfélagið hefur verið undirlagt af völdum karla í aldaradur og er þróunin meðal annars sprottin upp frá þessari biblíulegu mynd af Guði sem föður, alvaldi og stjórnanda. Þar sem þær starfa á mismunandi sviðum guðfræðinnar eru niðurstöður þeirra einnig mismunandi en eru þær allt frá því að leggja áherslu á betri og réttlátari kirkju og heim til þess að segja sig frá kirkjunni og trúnni. Einnig kom sú niðurstaða, líkt og margir feminískir guðfræðingar hafa bent á, að hafa í huga hvernig og á hvaða tíma Biblían var skrifuð. Guðfræðingar verða því að vera meðvitaðir um hvers konar aðstæður móta þeirra guðsmynd sem einstaklingar og hvernig þeir ætla að túlka texta Biblíunnar sem guðfræðingar samtímans. Túlkun einstaklings getur auðveldlega komið í veg fyrir eða haft óæskileg áhrif á guðfræðilegan hugsunarhátt, og geta því efni Biblíunnar og aðaláherslur kristinnar hefðar orðið undir. Helstu niðurstöðurnar hvað varðar þau áhrif sem konur og börn hafa þurft að þola, meðal annars í formi nauðgana, smánunar og ofbeldi í allri sinni mynd, eru hvernig konan á að beygja sig undir herra sinn, bæði andlega og líkamlega, í ljósi þess að kristin trúarhefð er gegnumsýrð af feðraveldinu. Vandamálið snýr því að miklu leyti að guðfræðilegri kennslu og nauðsynlegt er að móta mismunandi guðfræðilega og trúarlega framtíðarsýn og endurbæta karllæga straua. Ásamt því þarf að auka þekkingu á heiminum og Guði til þess að fullkomna þessa einhliða heims- og kirkjusýn og leiðrétta kynjaða þekkingu sem og andlega skynjun manneskjunnar á heiminum.

Sigurður Pálsson nefnir í bók sinni sem var til skoðunar í þessari ritgerð að tilfinningar tengdar guðsmyndinni séu sterkar og byggist myndin á reynslu barnsins af Guði. Guðsmyndin er mynd sem einstaklingur geymir í hugskoti sínu af Guði, líkt og hann geymir móður- og föðurímynd í huga sér og eru niðurstöður umræðunnar um guðsmyndina meðal annars þær að fyrsta og mikilvægasta þroskaferli barnsins sé að læra að treysta öðrum, en það sé jafnframt undirstaða þess að barnið geti lært að treysta sjálfu sér. Í ljósi þess má telja helstu niðurstöður undirstrika enn og aftur mikilvægi fræðslunnar. Telja má mikilvægt að endurskoða það efni sem gefið er út fyrir fræðslustarf kirkjunnar í ljósi þess að með því að nota gamalt og hefðbundið orðalag þegar talað er um Guð sem föður, konung, drottin eða meistara, á meðan aðrar lýsingar á Guði eru til sem hægt væri að nota, þá er verið að gefa í skyn að Guð sé valdamikill karlmaður sem hafi alla stjórn í sinni hendi. Einstaklingar gera sér ómeðvitaðar hugmyndir um Guð sem leiddar eru af tilfinningum, óskum og þörfum sem barn hefur varðandi föður sinn og móður. Miðað við niðurstöður McFague þá er hugmyndin um Guð sem skapi úr engu og leiði eins og faðir, elskhugi, verndari, konungur og með mannlega eiginleika ekki gagnleg nú á dögum. Hún telur það hafa áhrif á hæfni fólks til að taka ákvarðanir, hafa áhrif eða draga ályktanir og á tímum þar sem blasi við umhverfisvandamál í heiminum, fátækt og ójöfnuður sé að hennar mati þörf á nýrri guðsmynd.

Þeir guðfræðingar sem valdir voru úr hópi íslenskra feminískra guðfræðinga voru þær Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og Sólveig Anna Bóasdóttir. Auður telur að tal um Guð í karlkyni samkvæmt hugmyndum feðraveldisins hafi mótað menningu fólks. Telur hún það vera mikilvægt að berjast sérstaklega fyrir velferð kvenna, þangað til konur og karlar eiga frelsið og valdið saman og þangað til að fólk verður metið sem einstaklingar en ekki eftir kynferði sínu. Kvennakirkjan talar um Guð í kvenkyni en Auður Eir tekur fram að finna megi bæði karlkyn og kvenkyns mynd af Guði í Biblíunni. Hún telur að hægt sé að hugsa sér að Guð sé bæði kvenkyn og karlkyn og hvorki kvenkyns né karlkyns þar sem Guð er Guð, miklu mikilfenglegri en fólk fær skilið. Hennar lausn er meðal annars sú að skora á kirkjuna til að takast á við þessar áskoranir og móta nýja guðfræði í takt við samtímann.

Arnfríður telur það skipta máli að öllum guðfræðinemendum sé kynnt feminísk guðfræði enda sé sú áhersla mjög áberandi innan guðfræðinnar og að hennar mati sé þörf fyrir gagnrýna endurskoðun þar sem sérstaða Biblíunnar felist í því að geyma orð sem hafi, og haldi áfram að hafa, vald til þess að „binda“ líf kvenna á bás fordóma og kynjamisréttis. Líkt og áður kom fram hjá feminísku guðfræðingunum Ruether og Fiorenza er Biblían

áhrifamikil í lífi kvenna vegna þess að hún hefur verið notuð til þess að réttlæta óbreytt ástand, bæði innan heimilisins og utan þess. Telja þær því ljóst að á meðan textar Biblíunnar gegni lykilhlutverki í starfi og boðun kirkjunnar, verði markmiðinu ekki náð nema málfar Biblíunnar fylgi með þar sem valdbeiting sem hafi þrífist í skugga Biblíunnar og þrífst enn, taki enda. Arnfríður tekur einnig fram að það liggi í eðli þeirra sem bera vald að misbeita því þegar þeirra valdi er ógnað. Ógnin stafar gjarnan frá þeim sem eru skilgreindir öðruvísi og hafa því konur gjarnan verið í hópi þolenda. Krossinn hefur til dæmis stundum verið notaður til að letja fólk frá því að rísa upp gegn óréttlæti sem það hefur orðið fyrir og telur Arnfríður því mikilvægt að krossinn sé aldrei slitinn úr tengslum við upprisuna og vonina um að hið góða muni sigra að lokum, því án upprisunnar sé krossinn aðeins enn eitt dæmið um fórnarlamb illskunnar. Guðfræðingar standa frammi fyrir mikilvægu verkefni að túlka texta og trúartákn í nýju sögulegu samhengi þar sem trúarhefðin er síbreytileg og túlkun krossins er þar engin undantekning að mati Arnfríðar.

Sólveig Anna bendir á að það sé stórskadlegt fyrir þolendur ofbeldis að leita orsaka þess, ýmist hjá sjálfum sér eða hjá Guði, sem að þeirra mati hefur neyðst til að hegna þeim fyrir vonda breytni. Mikilvægt sé að krefja ofbeldismennina um ábyrgð og samfélagið um réttlæti þar sem þolendur hafi beint ásökunum á sjálfa sig fyrir að hafa syndgað gegn Guði frekar en að beina þeim að gerandanum. Þetta er orsök rangrar og jafnvel hættulegrar guðsmyndar innan kristinnar boðunar, og má rekja hana til hefðbundinnar túlkunar á eiginleikum Guðs. Sólveig Anna bendir á í bók sinni *Ást, kynlíf og hjónaband* að feministar telji að feðraveldið styðji félagslegt hlutverk, tengsl og stofnanir sem gera vald karla yfir konum mögulegt, eðlilegt og siðferðilega réttlætanlegt og að kjarni feðraveldisins sé blanda af trú á vald og yfirráð karla, hlutgervingu kvenna, félagslegt og efnahagslegt kerfi sem neyði konur til að vera upp á karla komnar. Þetta gefi ofbeldismönnum möguleika til að beita líkamlegu ofbeldi án nokkurra teljandi afleiðinga af samfélagsins hálfu. Sólveig telur að með þessu megi að verulegu leyti útskýra af hverju konur og börn séu algengustu fórnarlömbin, en enginn hafi í raun gert sér grein fyrir alvarleika vandamálsins og hversu útbreitt það sé en rannsóknir hafi leitt í ljós að líf milljóna kvenna og barna markaðist af ótta og kvíða vegna ofbeldis eiginmanna og feðra.

Lokaorð

Titill ritgerðarinnar sem hér birtist er: *Ef Guð er karlmaður, þá er karlmaðurinn Guð*. Þetta er fræg setning sem komin er frá Mary Daly, en hún var fyrst þeirra kvenna sem rætt var um í þessari ritgerð. Kvennaguðfræðin er alltaf á leiðinni, tilbúin til að breytast og bætast, og eins og Auður Eir segir þá er mikið verk að skrifa kvennaguðfræði. Hún er skrifuð út um allan heim, við skrifborð í háskólum hjá menntuðum guðfræðingum, og við alls konar önnur vinnubrögð þar sem konur sinna störfum sínum. Feminísk guðfræði byrjar hjá fólkinu sjálfu í því sem það er að hugsa og hún mótast í orð og starf sem allt þarf að reynast í lífinu og koma aftur til að endurnýjast og umbreytast. Mikilvægt er því að halda henni á lofti, taka upp þráðinn í takt við tímann og halda áfram að byggja betra samfélag með jafnréttið efst í huga.

Sú barátta sem hefur verið áberandi síðustu ár og snúið meðal annars að kvennabaráttu er til dæmis druslugangan og einnig metoo-byltingin sem fór af stað árið 2017. Druslugangan er mótmælaganga þar sem markmiðið er að færa ábyrgð kynferðisglæpa frá þolendum yfir á gerendur, en hún var gengin í sjöunda skiptið árið 2017. Metoo-byltingin hófst með því að greint var frá kynferðisbrotum og áreitni kvikmyndaframleiðandans Harvey Weinstein. Í kjölfarið greindi fjöldi kvenna í ýmsum starfsstéttum um allan heim frá reynslu sinni af ofbeldi og áreitni við störf. Friða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, segir byltinguna það markverðasta sem hún hafi upplifað á ævinni sé litið til jafnréttismála og að byltingin sé risastórt skref í þá átt að breyta vitund fólks og samfélagsgerðinni.¹⁶¹

Jafnrétti kynjanna á að vera ríkjandi í kirkjunni og að mati höfundar þessarar ritgerðar stendur kirkjan frammi fyrir þeirri áskorun að endurskoða fræðsluefni barna með tilliti til þess hversu mörg kyn eru samþykkt innan vestrænnar menningar. Kirkjan hefur mikilvægu hlutverki að gegna í jafnréttismálum og er rödd hennar sterk. Það er ábyrgð stofnunar sem kennir sig við kærleika Guðs og samfélag heilags anda að leiða slíka baráttu og eftir skrif þessarar ritgerðar þá er ljóst að áhrif þess að kyngera orðið Guð sem karl er vandamál sem hefur sett konur og börn á jaðar samfélagsins. Valdbeiting karla hefur fengið að lifa til dagsins í dag í skjóli Biblíunnar og má telja að með því að kyngera ekki Guð í fræðslu barna, þá hafi það mikil áhrif á trúarhugmyndir þeirra. Samt sem áður þarf að bera virðingu fyrir þeim guðsmyndum sem fólk hefur þróað með sér, hvort sem Guð er þar í föður- eða móðurímynd, á meðan það er ekki skaðlegt fyrir aðra. Telja má að ekki sé hlutverk kirkjunnar

¹⁶¹ „Metoo stórt skref til þess að breyta samfélaginu“, *Ruv.is*, sótt 20.mars 2018 af <http://www.ruv.is/frett/metoo-stort-skref-til-ad-breyta-samfelaginu>

að ákveða í hvaða kyni Guð birtist börnum og almenningi, heldur sé það hvöt hvers og eins að kyngera Guð ef það hjálpar viðkomandi að iðka sitt persónulega trúarlíf. Eins og Auður Eir bendir á þá er hægt að finna bæði karlkyns og kvenkyns mynd af Guði í Biblíunni, og segir Auður að hugsa megi að Guð sé bæði kvenkyn og karlkyn og hvorki kvenkyns né karlkyns þar sem Guð er Guð, miklu mikilfenglegri en fólk fær skilið.

Heimildaskrá

Adrian Thatcher, *God, Sex and Gender-An Introduction*, A John Wiley og Sons, Ltd: Wiley-Blackwell Publishing, 2011.

Alister E. McGrath, *The Christian Theology Reader*, 4. útgáfa, Oxford: Wiley-Blackwell Publishing, 2011.

„Arnfríður Guðmundsdóttir“, *uni.hi.is*, sótt, 2. mars 2018 af <https://uni.hi.is/agudm/um/>

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritningin og kvennagagnrýnin – Kenningar Elisabeth Schüssler Fiorenzu um ritninguna og túlkun hennar.“ *Guðfræði, túlkun og þýðingar. Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar, prófessors. Ritröð Guðfræðistofnunar / Studia theologica islandica 13*, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson, Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 1998, bls. 13-22.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Briet og Biblían. Um biblíutúlkun í upphafi íslenskrar kvennabaráttu.“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 165-204.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Hvers kyns Biblía? Jafnréttisumræðan og Biblíuþýðingin.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica 16*, ritstj. Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2002, bls. 67-82.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Konurnar í Gamla testamentinu: Er hugsanlegt að þær eigi erindi við okkur?“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 14/2000, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2000, bls. 149-170.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Krossinn og konurnar. Þjáning, andóf og eftirfylgd í kristinni trúarhefð.“, *Fléttur III. Jafnrétti, menning, samfélag*, ritstj. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 35-56.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kúgunartæki eða tákn um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica 23/2*, ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir, Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2007, bls. 133-150.

Arnfríður Guðmundsdóttir, „Orðið sem bindur og leysir. Biblían og kynjahlutverkin.“ *Studia Theologica Islandica 18*, ritstj. Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan, 2003, bls. 11-26.

Auður Eir Vilhjálmisdóttir, *Vinátta Guðs*, Reykjavík: Kvennakirkjan, 1994.

„Barnatrú“, *Barnatru.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://xn--barnatr-d2a.is/>

„Doktor í guðfræði“, *Mbl.is*, sótt 16. mars 2018 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/270032/>

Ed. L. Miller og Stanley J. Grenz, *Fortress Introduction To Contemporary Theologies*, Minneapolis: Fortress Press, 1998.

Elisabeth Schüssler Fiorenza, „Critical Feminist Biblical Studies: Remembering the Struggles, Envisioning the Future“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*. ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 86-99.

Elisabeth Schüssler Fiorenza, *The Power of Naming. A Concilium Reader in Feminist Liberation Theology*, Maryknoll, NY: Orbis Books, 1996.

Encyclopedia of World Biography, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“, *Encyclopedia.com*, sótt 12. mars 2018 af <http://www.encyclopedia.com/history/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/elisabeth-schussler-fiorenza>

„Fræðslustefna þjóðkirkjunnar“, *Kirkjan.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://kirkjan.is/um/stefnumal/fraedslustefna/>

Hanna María Pétursdóttir, *Sjá...kvenmaðurinn verndar karlmanninn. Mary Daly og kvennaguðfræði*, 1981.

Jóhanna Gísladóttir, „Guð Faðir og Móðir Jörð. Tengsl vistfræðilegs femínisma við guðfræði í verkum Rosemary Radford Ruether.“ *Skemman.is*, 2011, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/8418>

„Kem með femíníska áherslu á guðfræðina“, *timarit.is*, 8. júlí 2003, sótt 2. mars 2018 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3474762

Krister Stendahl, „Elisabeth Schüssler Fiorenza.“, *hds.harvard.edu*, sótt 14. febrúar 2018 af <http://hds.harvard.edu/people/elisabeth-sch%C3%BCssler-fiorenza>

Kvennabarátta og kristin trú. Greinasafn, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009.

Letha Dawson Scanzoni, „Why We Need Evangelical Feminists“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*, ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 64-76.

Lynn Japinga, *Feminism and Christianity: An Essential Guide*, Nashville: Abingdon Press, 1999.

Margalit Fox, „Mary Daly, A Leader in Feminist Theology Dies at 81“, *nytimes.com*, 6. janúar 2010, sótt 26. febrúar 2018 af http://www.nytimes.com/2010/01/07/education/07daly.html?hpw&_r=0

Marjorie Hewitt Suchocki, „The Idea of God in Feminist Philosophy“, *Feminist Philosophy of Religion* 9/1994, bls. 57-68.

Mary Daly, *Beyond God the father - Toward a Philosophy of Women's Liberation With an Original Reintroduction by the Author*, Boston: Beacon Press, 1993.

Mary Daly, *The Church and the Second Sex - with the Feminist Postchristian Introduction and New Archaic Afterwords by the Author*, Boston: Beacon Press, 1985.

Mary E. Hunt, „The Life of Scholar Activist Rosemary Radford Ruether“, *ncronline.org*, 15. október 2014, sótt 23. febrúar 2018 af <http://ncronline.org/news/people/life-scholar-activist-rosemary-radford-ruether>

„Metoo stórt skref til þess að breyta samfélaginu“, *Ruv.is*, sótt 20. mars 2018 af <http://www.ruv.is/frett/metoo-stort-skref-til-ad-breyta-samfelaginu>

McFague, Sallie, „An Ecological Christology: Does Christianity Have It?“, *Christianity and Ecology*, ritstj. Dieter T. Hessel og Rosemary Radford Ruether, Cambridge, MA: Harvard University Press, 2000.

McFague, Sallie, *Models of God, Theology for an Ecological, Nuclear Age*, Philadelphia: Fortress Press, 1987.

„Námskrá fyrir fræðslu þjóðkirkjunnar“, *Kirkjan.is*, sótt 9. mars 2018 af <http://kirkjan.is/kerfi/skraarsofn/kirkjan-frettir/2011/03/ad-visa-veginn.pdf>

Placher, William C., ritstj., *Essentials of Christian Theology*, Louisville: Westminster John Know Press, 2003.

Plantinga, Richard J., Thompson, Thomas R. og Lundberg, Matthew D., *An Introduction to Christian Theology*, Cambridge: Cambridge University Press, 2010.

Rosemary Radford Ruether, „Feminist Theology in Theological Education“, *New Feminist Christianity. Many Voices, Many Views*, ritstj. Mary E. Hunt og Diann L. Neu, Woodstock: SkyLight Paths, 2010, bls. 11-20.

Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God Talk*, Boston: Beacon Press, 1983.

Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God. An Ecofeminist Theology of Earth Healing*, San Francisco: Harper, 1992.

Sigfús Jónasson, „„Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú“, Um forsendur og þróun þess að konur urðu prestar innan þjóðkirkju Íslands.“ *Skemman.is*, 2017, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/27094>

Sigurður Pálsson, *Börn og trú: af sjónarhóli sálfræði, uppeldisfræði og guðfræði*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2001.

Sólveig Anna Bóasdóttir, *Ást, kynlíf og hjónaband*, Reykjavík: Salka, 2008.

Sólveig Anna Bóasdóttir, „Eitt, tvö, þrjú kyn: Þverfræðilegar hugleiðingar um óljóst kyn og óvenjulega líkama“ (One, two, three sexes: Multidisciplinary reflections on ambiguous sex and unusual bodies), *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar* 2/2014, bls. 7-30.

Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kærleikur og líknsemi. Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs í ofbeldissamhengi“ (Love and Compassion. Theological and ethical reflections on God's power in the context of violence), *Ritröð Guðfræðistofnunar, Studia Theologica Islandica*, 1/2014, bls. 84-96.
<https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/index>

„Sólveig Anna Bóasdóttir“, *uni.hi.is*, sótt 15. mars 2018 af <http://uni.hi.is/solanna/>

Traci C. West, „The Gift of Arguing with Mary Daly's White Feminism“, *Journal of Feminist Studies in Religion* 28/2012, bls. 112-117.

Þóra Björg Sigurðardóttir, „Guðsmyndir og börn. Framsetning guðsmyndar í fræðsluefni fyrir börn.“ *Skemman.is*, 2016, sótt 5. mars 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/26055>

Þorgerður Einarsdóttir, „Hvað er femínismi og hver er líkleg ástæða til fordóma karla gagnvart femínistum?“, *Visindavefurinn.is*, 14. febrúar 2001, sótt 24. febrúar 2018 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1337>